

Frægir í framboði

Ragga Eiríks er einn þjóð-
þekktari Íslendinga á
framboðslistum stjórn-
málaflokkanna fyrir alþing-
iskosningarnar. >24



Eins og í stríði

Manuel Zerón Sánchez, ræðis-
maður Íslands í Alicante,
lýsir ástandinu í fyrravor sem
stríði og að reynt hafi verið að
koma flestum heim. >22



NÝJAR VÖRUR

FYRIR HEIMILIÐ

Skeifan 11 • home-you.is

home&you®

FRÉTTABLAÐIÐ

174. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 4. SEPTEMBER 2021

Djúpar tilfinningar á bak við grínið



Þær Selma Björns, Björk Jakobs og Salka Sól leika sjálfar sig í nýjum gamanleik. Þær sækja í eigin reynslubanka varðandi hjónabönd, skilnaði, barneignir og margt fleira. Í ferlinu komust þær meðal annars að því að allar eru þær með bullandi kvíða. > 18

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

Afsláttur í dag

Í tilefni af útgáfu tilboðsbæklings okkar
þjóðum við afslátt af öllum vörum í dag
(sem eru ekki nú þegar á tilboði).

Opið frá kl. 11-16.

Afsláttarkóði í
vefverslun: sminor



**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



53.745 eru fullbólusett með Janssen.

Mæla ekki með örvunarskammti strax eftir sýkingu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Einstaklingum sem fengu bóluefni Janssen og hafa smitast af Covid-19 er ráðlagt að biða í þrjá mánuði frá sýkingu með að fara í örvunarskammt. Þetta segir Ragnheiður Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

„Það hefur eiginlega ekkert upp á sig að vera að bæta á mótefnið svona stuttu eftir sýkingu,“ segir Ragnheiður. „Frekar munum við gefa þessum einstaklingum örvunarskammt þegar mótefnið fer að dala,“ bætir hún við.

Alls eru 53.745 einstaklingar fullbólusettir með bóluefni frá Janssen hér á landi, samkvæmt upplýsingum á covid.is. Öllum þeim sem fengu Janssen hefur verið eða verður boðinn örvunarskammtur með bóluefni frá Pfizer eða Moderna. ■

Draumarnir tilbáðu þau



Aðalleikararnir Ebba Katrin og Sigurbjartur Sturla gera sig klár fyrir rennsli á leikritinu Rómeó og Júlia sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Húsfélag losnar ekki við hús á Frakkastíg

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Ákvörðun um að breyta deiliskipulagi svo byggja megi sjö hæða hús á horni Skúlagötu og Frakkastígs verður ekki felld úr gildi, eins og Húsfélagið Skúlagötu 20 krafðist.

Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála segir að kærandinn telji breytinguna „ganga freklega á hagsmuni hans og hafa stórfelld áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu með skuggavarp og skerðingu útsýnis“. Lífsskilyrði íbúa að Skúlagötu 20 muni skerðast vegna „yfirþyrmandi ásýndar fyrirhugaðrar byggingar“.

Úrskurðarnefndin segir að með breytingunni muni útsýni að Esj-



Við Frakkastíg 1. FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

unni minnka lítillega, ekki hverfa. Gildi um útsýni eins og skuggavarp að skipulagsyfirlönd hafi svigrúm við mat á því hvað sé ásætlanlegt hverju sinni. Málsmeðferð Reykjavíkurborgar hafi verið í samræmi við lög. ■

Hringir í Covid-smitaða þótt hann sé kominn á eftirlaun

Mikið álag er á símaveri Covid-göngudeildarinnar. Þar hringir starfsfólk í alla sem eru í einangrun með Covid. Reynir Tómas Geirsson læknir er á eftirlaunum en hringir tugi símtala á dag.

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Rétt rúmlega tíu þúsund manns hafa lokið einangrun vegna Covid-19 hér á landi frá því að fyrsta smit greindist á Íslandi þann 28. febrúar 2020. Allir þeir sem greinast með sjúkdómnum eru undir eftirliti Covid-göngudeildar Landspítala meðan á einangrun stendur.

Starfsfólk símavers deildarinnar hringir í sjúklinga og fylgst með liðan þeirra. Við lok einangrunar fá sjúklingar útskriftarsímtal og eru þar með lausir úr einangrun. Nú er miðað við að einstaklingar með Covid-19 losni úr einangrun tíu dögum eftir að sjúkdómurinn greinist séu þeir einkennalausir sjö dögum eftir greiningu.

Mikið álag hefur verið á símaveri Covid-göngudeildarinnar en þar starfa meðal annars læknar og hjúkrunarfræðingar sem komnir eru á eftirlaun.

Reynir Tómas Geirsson, prófessor við Háskóla Íslands og fyrrverandi yfirmaður Kvinnadeildar Landspítalans, er einn þeirra. Hann skráði sig í bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar í upphafi faraldursins og hefur frá síðastliðnu hausti hringt allt upp í tugi símtala daglega í fólk sem smitað er af Covid.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Reynir afar vel liðinn í símaverinu og gefur sig einstaklega vel að sjúklingum sem hann ræðir við. „Samkennd er mikilvæg í læknisfræði og það að geta sett sig í spor annarra. Það eru komin um 50 ár frá því ég byrjaði að læra læknis-



Mikið álag hefur verið í símaveri Covid-göngudeildarinnar þar sem fylgst er með ástandi þeirra sem smitaðir eru.

MYND/ADSEND



Reynir Tómas Geirsson prófessor.

fræði og starfa við hana svo maður hefur ákveðna reynslu,“ segir Reynir sem fagnaði 75 ára afmæli sínu í vor.

Reynir segir álagið í símaverinu alltaf mikið en að það fylgi þó bylgjum faraldursins og hafi verið sérlega mikið í sumar. Símtölin sem hringja þurfi á hverjum degi geti hlaupið á hundruðum og það þarf marga til að sinna þannig verki.

„Fólk hefur hinar ýmsu spurningar um sjúkdómnum og líka spurningar sem eru ekki endilega tengdar honum beint. Stundum þarf maður að tala svolitinn kjark í fólk og spjalla um eitthvað annað,“ segir hann.

„Svo geta komið upp sögur sem

létta lundina,“ segir Reynir og tekur dæmi um ung hjón sem greindust með sjúkdómnum og misstu bæði lyktarskyn, en það getur verið einkenni Covid-19. „Þau voru með um það bil eins árs gamalt barn og fundu enga lykt af kúkableyjunum svo þau þurftu alltaf að vera að kíkja,“ segir hann.

Þá segir Reynir einnig koma sér vel að tala fleiri en eitt tungumál, hér séu til dæmis ferðamenn sem festist á landinu í einangrun greinist þeir með Covid. Hann taki til mynda símtöl á ensku, þýsku, sænsku og dönsku.

„Það getur til dæmis komið upp að ferðamenn þurfi lyf sem ekki eru til á Íslandi og þá þurfum við að hjálpa þeim með það hvaða lyf eru sambærileg og hvernig megi nálgast þau,“ segir Reynir.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala hefur gengið misvel að fá fólk til starfa í símaverinu, verr í þessari bylgju, meðal annars vegna sumarfría og þar sem álag af annarri starfsemi er meira en áður. ■

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Haustútsala Fjallakofans

ÚTSALA

2.-11. september



20-50%
AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM VÖRUM



FJALLA
KOFINN

■ Tölur vikunnar

59

sinum í sumar hefur hitinn farið yfir 20 gráður á landinu. Meðalhiti á Akureyri í júlí og ágúst var sá hæsti frá upphafi mælinga.



68

tilkynningar hafa borist vegna blóðtappa og hjartatrufllana sem aukaverkun vegna bólusetningar.




44.000

ferðagjafir eru ónýttar þegar einn mánuður er eftir af ferðagjafartímabili íslenskra stjórnvalda og rúmlega fjórtán þúsund sem eru ekki fullnýttar.

10-11%

Bæjarstjórnin í Árborg reiknar með 10 til 11 prósentu íbúafjölgun sem er algjörlega fordæmalaus.



■ Þrjú í fréttum

Ragnhildur Helgadóttir



prófessor við lagadeild

var fyrr í vikunni ráðin rektor Háskólans í Reykjavík. Ragnhildur sem hefur verið sviðsforseti samfélagssviðs og prófessor við lagadeild, tekur við stöðunni af doktor Ara Kristni Jónssyni, sem gegnt hefur stöðunni undanfarin ellefu ár. Eftir ráðningu Ragnhildar sem rektors HR gegna konur rektorsstöðu við fimm af sjö háskólum hér á landi, það er við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann á Hólum, Listaháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Hörður Birgir Hafsteinsson



stangveiðimaður

landaði höfðingjanum svokallaða í Elliðaánum í vikunni. Hörður Birgir veiddi höfðingjann með Munroe Killer #16 flugu.

Fiskurinn var mældur 95 sentimetrar að lengd og klárlega fiskur í yfirstærð, sé miðað við meðalstærð í Elliðaánum.

Klara Bjartmarz



framkvæmdastjóri KSÍ

fór í leyfi frá störfum hjá sambandinu um miðja viku. Knattspyrnu-sambandið hefur farið í gegnum mikinn storm, þar sem sambandið fékk gagnrýni fyrir viðbrögð sín við ásökunum um kynferðisofbeldi leikmanna íslenska karla-

landslíðsins. ■

Meirihluti andvígur laxeldi í sjókví og nefnir umhverfisáhrif og dýraníð

Könnun Gallup mælir mikla andstöðu við laxeldi í sjókví. Hefur gríðarlega eyðileggingu í för með sér, að sögn verndarsinna. Viðhorfin sýna að við þurfum að upplýsa landsmenn betur, segir framkvæmdastjóri laxeldisfyrirtækis.

gar@frettabladid.is

FISKELDI Meirihluti landsmanna, eða 55,6 prósent, er neikvæður gagnvart laxeldi í opinni sjókví samkvæmt könnun sem Northatlanticsalmonfund lét Gallup gera í ágúst. 23,3 prósent segjast hlutlaus, 21,1 prósent er jákvætt.

Elfar Friðriksson, framkvæmdastjóri Northatlanticsalmonfund, Verndarsjóðs villtra laxastofna, segir það mjög sterk skilaboð að meirihluti landsmanna sé gegn sjóeldinu.

„Íðnaðurinn hefur stækkað gríðarlega hratt og Ísland er að vakna upp við vondan draum. Umræðan hefur að mestu snúist um peninga, en fólk er farið að sjá að þetta mál er risastórt náttúru- og dýraverndarmál,“ segir hann.

Elfar segir enga tilviljun að náttúruverndarsamtök um allan heim berjist af alefli gegn þessum iðnaði. „Eldið hefur gríðarlega eyðileggingu í för með sér. Það er ekki ásættanlegt að við séum enn að stækka úreltan og stórskadlegan iðnað.“

Samkvæmt könnuninni nefna jákvæðir gagnvart sjóeldinu atvinnusköpun og gjaldeyristekjur sem höfuðkosti. Helstu mótrök eru neikvæð umhverfisáhrif, hætta á blöndun við villtan lax og dýraníð.

„Það er ekki bara hægt að tala um atvinnusköpun og láta svo náttúruna greiða allan kostnaðinn,“ segir Elfar.



Mjög umdeilt mál sem ekki er einkamál Vestfirðinga og Austfirðinga, segir talsmaður verndar villtra laxastofna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
PJETUR



Við leggjum áherslu á velferð og viljum starfa í sátt við umhverfið.

Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Laxa fiskeldis.

Gallup spurði fleiri spurninga. Önnur niðurstaða er að sögn Elfars sú að 30 prósent svarenda segja að ef stjórnvalaflokkur myndi beita sér gegn laxeldi í sjókví myndi það hafa áhrif á ráðstöfun atkvæðis þeirra.

„Pólitíkin þarf að taka þessi skilaboð alvarlega. Ráðamenn þurfa að stiga fram. Þessi mál eru ekki einkamál Vestfirðinga og Austfirðinga,“ segir Elfar.

Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Laxa fiskeldis, segir

vegna þeirrar niðurstöðu könnunarinnar að meirihluti landsmanna sé gegn sjókvíaeldi:

„Við finnum jákvæð viðbrögð í þeim samfélögum sem við störfum í. Þar fólk sem sér starfsemi greinarinnar á hverjum degi er það mjög jákvætt. Nú er það hlutverk okkar að spýta í lófana til að upplýsa landsmenn um hve frábæra atvinnugrein við erum að byggja upp í sátt við náttúru og umhverfi,“ segir Jens.


Að sögn Jens er þó ekki hægt að blása með öllu á þau mótrök gegn eldinu sem nefnd eru í könnuninni. Fyrirtækin séu samt sem áður mjög meðvituð um ábyrgð sína. Innan laxeldisfyrirtækjanna og utan, sem dæmi hjá eftirlitsstofnunum, séu strangar vöktunaráætlanir.

„Við leggjum áherslu á velferð og viljum starfa í sátt við umhverfið, enda eigum við hvað mestra hagsmuna að gæta í þeim efnum.“

Könnunin var netkönnun. 1.641 nafn var valið í handahófskenndu úrtaki, 48,9 prósent svöruðu. ■

Afstaða gagnvart sjókvíaeldi

Spurt var: Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart laxeldi í opnum sjókvím?



■ Neikvæð(ur)	56,6%
■ Jákvæð(ur)	21,1%
■ Hvorki né	23,3%

HEIMILD: GALLUP

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

NÚ FÁANLEGUR Í TRAILHAWK ÚTFÆRSLU

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRADASTILLIR

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

6.699.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.862.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

NÝ HÖNNUN
NÝ INNRETTING
NÝ TÆKNI
NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ A DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID



HAUST ÚTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.790 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.990 KR. m²

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VÍNYLPARKET VERÐ FRÁ 3.790 KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAR

20% AFSLÁTTUR

BÍLSKÚRSFLÍSAR 30X30 VERÐ 2.590 KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR

(hurð og karmur)

VERÐ FRÁ 36.990 kr.

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FYLGIEFNUM



OKKAR VÖRUR ERU UMHVÆRFISVOTTAÐAR

Birgisson®

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Polendur ofbeldis fá aðstoð frá ASÍ

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Á miðstjórnarfundi ASÍ síðastliðinn miðvikudag kynnti Varða – rannsóknastofnun vinnu- markaðarins, nýja könnun um mál sem koma inn á borð stéttarfélaganna og varða kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi og einelti.

Í pistli Drífu Snædal forseta ASÍ segir að kynferðislegt ofbeldi og áreitni sé staðreynd og liti stöðu kynjanna í samfélagi okkar. „Ljóst er að aðildarfélög ASÍ og trúnaðarmenn á vinnustöðum þurfa aukinn stuðning og fræðslu til að aðstoða þolendur og jafnvel gerendur, þegar upp koma mál á vinnustöðum eða í tengslum við þá,“ segir í pistlinum.



Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Þar segir Drífa einnig að ASÍ muni á næstunni auka fræðslu og þekkingu og nestu aðildarfélagin enn frekar en nú sé gert.

„Verkalýðshreyfingin þarf og ætla sér að vera hluti af þeirri menningarbreytingu sem nauðsynleg er, bæði til að sinna sínu hlutverki gagnvart félagsmönnum og axla ábyrgð á öryggi fólks í víðtæku félagsstarfi innan hreyfingarinnar,“ segir Drífa í pistli sínum. ■



Rauði krossinn á nú 68,75 prósent hlut í Íslandsspilum og Landsbjörg 31,25 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skipta hlut SÁÁ jafnt á milli sín

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG 9,5 prósent eignarhlutur í Íslandsspilum, sem áður var í eigu SÁÁ, skiptist jafnt á milli Rauða krossins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, þegar SÁÁ hætti þátttöku í rekstri spilakassa í eigu Íslandsspila.



Heildar happdrættis- tekjur Íslandsspila árið 2019 voru 1.240 milljónir.

Spilakassar hér á landi eru reknir af annars vegar Happdrætti Háskóla Íslands og hins vegar Íslandsspilum, sem áður voru í eigu Rauða krossins, Landsbjargar og SÁÁ. Hið síðastnefnda sagði sig frá rekstrinum í lok síðasta árs og gekk útgangan í gegn í apríl á þessu ári.

Eftir að SÁÁ hætti rekstri spilakassanna á Landsbjörg 31,25 prósent eignarhlut í Íslandsspilum og Rauði krossinn 68,75 prósent. Heildar happdrættis tekjur Íslandsspila árið 2019 voru 1.240 milljónir. ■

Val á skóla fyrir þroskahamlaðan dreng hunsað

bth@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Benedikta Birgisdóttir, móðir 16 ára drengs með þroska- hömlun, er ósátt við að valferli sem skólakerfið bauð þeim upp á hafi verið til einskis.

Drengurinn þeirra fékk ekki inni í þeim tveimur skólum sem foreldrarinn völdu, án þess að nokkrar skýringar fylgdu.

Í febrúar síðastliðnum fékk Benedikta bréf þar sem foreldrunum var boðið að velja tvo framhaldsskóla. Hún hakaði við fyrsta val og annað val.

„Ég er ósátt vegna þess að við sóttum um starfsbrautir og vorum hvött til að skoða skóla,“ segir Benedikta. „Við völdum að athugun lokinni tvo skóla sem við töldum henta okkar barni. Svo heyrum við ekkert frá kerfinu fyrr en í byrjun júní. Þá er okkur tilkynnt að drengurinn okkar hafi fengið inni í þriðja skól- anum, hvorugum þeirra sem við sóttum um.“

Benedikta bendir á að um við- kvæman hóp nemenda sé að ræða. Enginn hafi haft samband við foreldrana síðan, enginn hafi nefnt að hann hafi ekki komist inn í þá tvo



Ég hefði viljað sjá manneskjulegri nálgun.

Benedikta Birgisdóttir, móðir 16 ára drengs með þroskahömlun.

skóla sem foreldrarinn völdu, eða hvað væri hægt að gera.

„Það sló mig að ekkert samráð var haft. Ég hefði viljað sjá manneskjulegri nálgun, þar sem við værum tekin inn í samtal um þessar ákvarðanir. Ég vil þó taka fram að ég er alls ekki að segja að einn skóli sé verri en annar. En af hverju er verið að láta okkur „velja“ fyrst það var ekkert gert með val okkar? Af hverju eru þá börnin ekki bara sett í tiltekinn skóla án þessa valferlis? Það væri þá bara best að sleppa því,“ segir Benedikta, sem kveðst þó ekki vera ósátt við skóla drengsins. ■

Ný nálgun í nýju hverfi í Skerjafirði

Hægt er að byggja ódýrara með því að hafa bílageymslu fyrir íbúa í Nýja-Skerjafirði, í stað bílakjallara. Nýja hverfið í Skerjafirði er hugsað með nýrri nálgun.

benediktboas@frettabladid.is

SKIPULAG „Þetta er mjög áhuga- vert hverfi og að mörgu leyti verður þetta tímamótahverfi,“ segir Páll Gunnlaugsson, arkitekt hjá Ask arkitektum, um hið nýja hverfi í Skerjafirði.

Ask arkitektar urðu hlutskarpastir í lokaðri hugmyndaleit um fram- tíðaruppbyggingu í Skerjafirði og þekkir Páll komandi hverfi nánast jafn vel og handarbakið á sér.

Fyrsti áfanginn er farinn á fullt og er gert ráð fyrir um 700 íbúðum. Ekki er gert ráð fyrir að íbúar ferðist endilega um á einkabíl, heldur er ný nálgun í hugsun á bak við hverfið.

„Það sem er meðal annars sér- stakt við hverfið er að það eru engar bílageymslur undir húsunum. Það er gert ráð fyrir bílageymsluhúsi fyrir alla byggðina í fyrsta áfanga. Það þýðir að enginn er með merkt bílastæði fyrir sig, sem þýðir að það er hægt að byggja miklu, miklu ódýrara þegar þarf ekki að byggja þessa stóru og miklu bílakjallara,“ segir Páll og bendir á að ef íbúar vilji, geti þeir leigt sér stæði í bíla- geymsluhúsinu. Þar sé einnig gert ráð fyrir verslun.

Hann bendir á að staðsetning hverfisins sé þannig að allar for- sendur séu fyrir lítilli notkun á einkabílum.

Páll segir að hönnun á götum og gatnarými sé gerð með nýrri hugsun. Eitthvað sem hefur ekki



Nýja hverfið í Skerjafirði er hugsað með nýrri nálgun. MYNDIR/ASK ARKITEKTAR

áður verið gert í Reykjavík. „Þetta er kannski ný nálgun, frekar en ný hugsun. Við þekkjum það öll sem höfum farið utan og jafnvel búið erlendis, að þegar við komum heim þá spyrjum við: Af hverju getum við ekki byggt eða gert svona eins og Svíar, Danir og Norðmenn? Okkur hefur aldrei tekist það.

Við erum með svo miklar kröfur um einkabílinn, sem eru miklu

meiri kröfur en annars staðar. Ef einhvers staðar er hægt að byrja að þreifa á þessu er það á svona svæði sem er svona miðsvæðis.

Þarna erum við að búa til umhverfi, en ekki bara blokk með bílastæðum. Umhverfið er í fyrsta sæti og þannig séð er þetta mjög spennandi,“ segir Páll.

Þá bendir hann á að flugvallar- vinir geti andað rólega og ekki er



Þarna erum við að búa til umhverfi, en ekki bara blokk með bíla- stæðum. Umhverfið er í fyrsta sæti og þannig séð er þetta mjög spennandi.



Páll Gunnlaugsson, arkitekt hjá Ask arkitektum.

verið að fara í fyrsta fasa hverfisins í neina uppfyllingu við Skerjafjörð eins og til stóð, en töluvert var deilt um það ferli.

„Hverfið truflar ekki umferðina á flugvöllinum. Menn geta rifist um hann áfram. Nú er að fara í gang gatnahönnun og losun á mengu- ðum jarðvegi og alls konar undir- búningsvinna sem þarf að eiga sér stað, en hún er komin á fullt,“ segir Páll og ljóst að hann er spenntur fyrir þessu fyrsta framtíðarhverfi borgarinnar. ■

Tilviljun ráði hrinu dauðaslysa á fjöllum í sumar

bth@frettabladid.is

Í Seyðisfirði



Þriðja banaslysið við fjallaklifur í sumar á Austurlandi varð í hliðum Strandartinds við Seyðisfjörð vikunni. MYND/GOOGLE EARTH

SLYS Þrjú einstaklingar hafa hrapað til bana í fjöllum á Austurlandi síðustu tvo mánuði. Rannsókn slyss sem varð í hliðum Strandartinds á Seyðisfirði stendur yfir, en erlendir ferðamaður fannst á fimmtudagskvöld látinn í hliðum Strandartinds.

Fyrr í sumar urðu tvö dauðaslys í fjallamennsku á Austurlandi, við Súlu í Stöðvarfirði og í Fljótshlíð. Þá varð banaslysið við klifur í Hvalfirði og fleiri alvarleg slyss mætti nefna á fjöllum í sumar. Um ræðir bæði innlent og erlent fjallafólk.

Kristján Ólafur Guðnason, yfir- lögregluþjónn á Austurlandi, telur engin fordæmi fyrir annarri eins fjallaslyshrinu í fjórðungnum. Hann segir að lögregla hafi ekki aðrar skýringar en óhappatviljanir.

Skúli Júlíusson fjallaleiðsögu- maður hefur skrifað bækur um það sem beri að varast í fjallamennsku.



Ég hef hugsað mikið um þessi mál. Þetta er mjög sorglegt.

Skúli Júlíusson fjallaleiðsögu- maður.

Hann vill leggja áherslu á að áhuga- fólk um útivist leggi ekki til atlögu við of erfið verkefni, heldur byggji upp reynslu sína hægt og sigandi til að mæta auknum áskorunum.

„Ég hef hugsað mikið um þessi mál. Þetta er mjög sorglegt. En það hefur orðið sprenging í fjalla- mennsku sem og allri útivist og kannski liggja orsakirnar þar,“ segir Skúli. ■

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

1. - 8. september

Taxfree*
af öllum snyrtivörum

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Í Kringlu og Smáralind finnur þú
mesta úrvalið og meira pláss

HAGKAUP

Snyrtivara



Bragginn kom við sögu í borgarráði á ný í vikunni. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Borgin svarar loks eldgömlum fyrirspurnum

benediktboas@frettabladid.is

REYKJAVÍK „Fulltrúi Flokks fólksins vill byrja á að gagnrýna þann langa tíma sem það tekur að fá svör við fyrirspurnum,“ segir í bókun Flokks fólksins á fundi borgarráðs á fimmtudag.

Nokkrum fyrirspurnum frá minnihlutaflokkunum var svarað á fundi borgarráðs og eiga þær nokkrar sameiginlegt að vera í eldri kantínunum. Braggamálið kom meira að segja við sögu, en fyrirspurn um málið var svarað af endurskoðunarnefnd, en fyrirspurnin var lögð fram 16. apríl 2020.

Þá barst svar um utanlandsferðir á vegum borgarinnar sem farnar voru vegna annarra ástæðna en fundahalds, en fyrirspurn um það var lögð fram á miðju ári 2020.

Einnig kom svar við fyrirspurn um greiðslur til verkfræðiskrifstofa síðustu 12 ár. Sú fyrirspurn var lögð fram 23. júlí í fyrra. ■

Hraðpróf í gagnid eftir helgina

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Stefnt er að því að taka í gagnid hraðpróf fyrir þá sem eru í smitgát eftir helgi, á þriðjudag eða miðvikudag, samkvæmt Ragnheiði Erlendsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Smitgát er viðhöfð þegar einstaklingur er mögulega útsettur en ekki er talin þörf á sóttkví.

„Það sem tefur okkur er að það er enn verið að hanna skráningarkerfi til að halda utan um þetta,“ segir Ragnheiður. „Við þurfum að fjölga um 20-30 á hverri vakt og erum enn að leita að fólki,“ segir hún.

Næsta verkefni er að koma í gagnid hraðprófum fyrir þá sem ætla að sækja viðburði þar sem krafist er neikvæðs prófs. „Þá verður skimaður stór hópur og vonandi náum við bylgjunni aðeins niður,“ segir Ragnheiður. ■

Nokkrir bæir orðnir vatnslausir fyrir austan

benediktboas@frettabladid.is

MÚLAPIG „Ástandið sleppur til en það eru einhverjir bæir orðnir vatnslausir,“ segir Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella, sem kom fyrir fund umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings í vikunni til að greina frá stöðu á vatnsbólum sveitarfélagsins í ljósi mikilla þurrka undanfarið.

Þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til Aðalsteins var 19,4 stiga hiti og varla dropi í kortunum. Á fundinum kom fram að staðan væri verst á



Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Borgarfirði eystri þar sem fyrirtæki hafa verið beðin um að fara sparlega með vatn.

„Það er ekki orðið neitt ástand enn þá. Það er búið að biðja fólk á Borgarfirði eystri að fara spar-



Búið er að biðja fólk á Borgarfirði eystri að fara sparlega með vatn en í öðrum þéttbýliskjörnum erum við í ágætum málum.

lega með vatn en í öðrum þéttbýliskjörnum erum við í ágætum málum. Það er enginn vatnsskortur enn í þéttbýli. Það eru bæir til sveita í meiri vanda,“ segir Aðalsteinn.

Að sögn Aðalsteins er hitaveitan byrjuð að undirbúa dreifingu á vatni úr þeim vatnsbólum sem sum standa ágætlega þrátt fyrir þurrkatið. „Við þurfum að fara að fá úrkomu en framsýnustu spár sýna ekki nema um sex millimetra úrkomu,“ segir Aðalsteinn.

Samkvæmt veður.is gæti dropað aðeins á sunnudag og svo aftur á miðvikudag. ■

Viðbragðshraði Slysavarnafélagsins eykst með nýjum björgunarskipum

Endurnýja á allan björgunarskipafloata Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Smíði fyrstu þriggja skipanna er að hefjast í Finnlandi. Nýju skipin verða hraðskreiðari og í takt við skipafлотann í landinu.

gar@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL „Þetta er mjög mikilvægur samningur fyrir okkur,“ segir Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Á landsþingi Slysavarnafélagsins í Hörpu í gær var undirritaður samningur vegna smíði finnsku skipasmíðastöðvarinnar KewaTec á nýjum björgunarskipum fyrir félagið.

„Þetta er fyrsta skrefið í þeirri mikilvægu vegferð að endurnýja öll björgunarskipin hringinn í kringum landið. Þeir geta hafið smíðina á næstu mánuðum og fyrstu tvö skipin koma til landsins á næsta ári,“ segir Davíð.

Slysavarnafélagið á og rekur þrettán björgunarskip hringinn í kringum landið. „Þau er orðin hæg-geng og komin til ára sinna,“ segir Davíð. Elsta skipið sé nú fjörutíu ára.

„Eins og menn skilja þá eru þau kannski ekki í takti við flotan eins og hann er hringinn í kringum landið í dag. Stóra málið hjá okkur er að bæta aðbúnað áhafnar og skjólstaðinga sem er verið að bjarga og auka ganghraðann í skipunum af því að þessi gömlu skip sigla töluvert hægar en meðalhraðinn er í flotanum í kringum landið,“ útskýrir Davíð.

„Nýju skipin eru að sigla á það miklu meiri hraða heldur en gömlu skipin að við erum að tvöfalda við-



Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur gert út björgunarskip frá árinu 1928. Svona lítur nýjasta skipið út. **MYND/KEWATEC**

Nýju björgunarskipin frá Finnlandi

Þau þrettán björgunarskip sem Slysavarnafélagið Landsbjörg ræður yfir og eru flest af Arun Classgerð fengust á gjafverði frá Konunglegu bresku sjóbjörgunarsamtökunum. Skipin eru smíðuð á árunum 1978 til 1990.

Nýju skipin frá KewaTec verða 16,9 metrar að lengd og með allt að sex áhafnarmeðlimum, geta tekið við fjörutíu manns um borð og allt að sextíu manns í itrustu aðstæðum.



Skrifað undir samningana í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**

bragðshraðann og stækka svæðið sem við getum þjónustað hringinn í kringum landið,“ heldur Davíð áfram.

Að sögn Davíðs er áætlað að smíði allra skipanna þrettán kosti þrjú milljarða króna. „Ríkisstjórnin samþykkti í fyrra að fjármagna allt

af helminginn af hverju skipi. Þess vegna var farið í útboð á vegum Ríkiskaupa sem þetta finnska fyrirtæki vann,“ segir hann. Ríkið hafi að auki samþykkt viljayfirlýsingu vegna smíði næstu sjö skipa.

„Félagið hefur fjármagnað og er að vinna í fjármögnun á þessum

fyrstu skipum. Við eigum fasta bakhjarla og höfum gríðarlegan stuðning frá atvinnulífinu, sjávarútveginum og fólkinu í landinu. Við erum í raun að vinna að því að fjármagna þetta með stuðningi samfélagsins,“ segir upplýsingafulltrúinn. ■

Talibanar að leggja lokahönd á nýja ríkisstjórn í Afganistan

hjoarvaro@frettabladid.is

AFGANISTAN Upplýsingafulltrúi Taliban segir að þeir séu á lokametrunum í að mynda nýja ríkisstjórn í Afganistan, en von var á yfirlýsingu um myndun ríkisstjórnarinnar í gær.

Talibana, sem hafa hingað til verið hópur vígamanna í landinu, biður nú það verkefni að skipuleggja sig sem stjórnmalaflokk. Talibanar hrifsuðu til sín völdin í landinu nýverið, en Bandaríkin höfðu þá dregið herlið sitt frá Afganistan eftir um það 20 ára veru í landinu.

Rúmlega 120 þúsund manns hafa flúið landið eftir að Talibanar tóku við stjórnartaumunum, en ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að taka



Rúmlega 120 þúsund manns hafa flúið Afghanistan eftir að Talibanar tóku við stjórnartaumunum. Íslendingar taka við 120 manns. Fréttablaðið/Getty

við 120 Afgönum. Ríkisstjórnin samþykkti tillögur flóttamanna-nefndar sem fela í sér aðstoð við Afgana, sem eiga rétt á fjölskyldusameiningu eða eru þegar komnir með dvalarleyfi hér á landi, um að komast til landsins. Um er að ræða bæði einstaklinga sem hafa fjölskyldutengsl hér og einstaklinga sem hyggjast hefja hér nám.

Þrjátíu og þrjár Afganar eru komnir til Íslands, en í síðasta mánuði sóttu níttján Afganar um alþjóðlega vernd hér á landi.

Þróunarsamvinnuráðherrar Norðurlanda og framkvæmdastjóri Þróunarfundunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) ræddu stöðuna í Afganistan á sérstökum fjarfundi fyrir í vikunni. Áframhaldandi starf

stofnana Sameinuðu þjóðanna í landinu og aðgerðir landanna á sviði mannúðaraðstoðar voru til umræðu, sem og möguleikinn á langtímaþróunarsamvinnu í Afganistan.

„Það er brýnt að alþjóðasamfélaginu takist að tryggja áframhaldandi mannúðaraðstoð og aðgengi í landinu á þessum óvissutímum, en um leið þarf að huga að því að vernda lífsviðurværi afgönsku þjóðarinnar,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

„Norðurlöndin eru einhuga um að leggja sitt af mörkum í þeirri flóknu stöðu sem upp er komin, í góðu samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna,“ segir Guðlaugur Þór enn fremur. ■

Ársfundur atvinnulífsins 2021

Höldum áfram

Opinn streymisfundur
9. september
kl. 09:00

Ársfundur atvinnulífsins fer fram fimmtudaginn
9. september undir yfirskriftinni
**Höldum áfram – Ryðjum heimatilbúnum
hindrunum úr vegi.**

Streymt verður frá fundinum.

Á fundinum koma fram:



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra



Eyjólfur Árni Rafnsson
formaður SA



Halldór Benjamín
framkvæmdastjóri SA



Ásdís Kristjánsdóttir
aðstoðarframkvæmda-
stjóri SA

ásamt fjölda stjórnenda í íslensku atvinnulífi.

Hringrás atvinnulífs og samfélags mynda
órjúfanlega heild. Saman gengur okkur
öllum betur.



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Skráðu þig á www.sa.is
eða skannaðu kóðann



Villta vinstrið



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Mesta fjörið er að finna vinstra megin í pólitíkinni í ár. Þaðan berast skrautlegar yfirlýsingar sem hafa ekki heyrst lengi í íslenski þjóðmálaumræðu, svo róttækar sem þær eru í eðli sínu.

Blessunarlega hefur þetta hrist upp í íslenskum stjórnmálum. Og þau máttu alveg við því að senuþjófarnir færu á stjá og kæmu þeim sem fyrir voru í uppnám.

Síðast gerðist þetta með tilkomu Pírata. Þeir komu eins og óboðnir gestir inn í samkvæmi óaðfínanlega klæddrar stjórnmálastéttar og hneyksluðu þá sem þar voru fyrir með orðavali og atgervi, hentu pólitíkinni svo að segja í gólfði eftir að hún hafði hangið uppi á vegg um árabíl, vandlega römmuð inn með skrautlistum.

Og einmitt núna þegar landsmenn hafa vanist þessu nýja yfirbragði Alþingis reisa Sósíalistar fána sinn við hún – og bjóða fram róttæklinga af öllu tagi, ekki síst roskið fólk, rétt eins og Flokkur fólksins á nálægum slóðum stjórnmálanna sem ætlar að bylta efnahag aldraðra.

Tilsýndar standa svo Vinstri grænir og Samfylkingin og finnst sem að þeim sé vegið úr villta vinstriinu og láta þennan hamgang fara svolítið í taugarnar á sér, enda svo til heimaskitsmát.

Af sjálfu leiðir að samkeppnin hefur aldrei verið meiri á vinstri hlið íslenskra stjórnmála. Og vinstrið er að verða meira vinstri þó ekki væri fyrir annað en að miðjusæknasti vinstri-flokkurinn, Samfylkingin, hefur flutt lögheimili sitt í sömu götu og Vinstri grænir – og er líka orðinn svo vinstri grænn að hann hefur ekki bara ímugust á íhaldinu heldur útilokar það.

Í samanburði við villta vinstrið er væðarlegt um að litast hægra megin á pólitíska sviðinu. Þaðan er annars vegar boðið upp á hófsaman og heimaríkan hægriflokk sem er í rauninni varfærnislega kratískur í eðli sínu og hins vegar þjóðernissinnaðan og kristilegan íhaldsflokk sem líður best í eigin landi. Miðjumegin við þessa flokka er svo frjálslynda Viðreisn sem lætur blika á hnífinn gagnvart kerfislægu hagsmunaparappati, en er að öðru leyti með hugann við útlönd.

Hægríð vantar það sem vinstrið hefur nú um stundir. Hasar. Í rauninni hefur aldrei verið starfræktur harðlínuflokkur á þeim enda íslenskra stjórnmála, flokkur sem vill raunverulega skera ríkisbáknið niður og einkavæða allt heila gillimojið með tilþrifum. Harða hægríð er ekki til á Íslandi. Það þrífst ekki á Íslandi. Og hasarinn er fyrir vikið vinstra megin. ■

” Af sjálfu leiðir að samkeppnin hefur aldrei verið meiri á vinstri hlið íslenskra stjórnmála.

Gunnar



Mín skoðun

Vömb karla, líf kvenna



Sif Sigmarsdóttir

Þau eru misjöfn innlegg stjórnmálafólksins í kosningaumræðuna. Bjarni Benediktsson virtist fara bæði álfa- og aldavillt á stefnumótunarfundi Sjálfstæðisflokksins er hann boðaði kjósendum „land tækifæranna“. Sigmundur Davíð dæðaði einnig við forna frægd, sína eigin, og klæddi í nýjan búning gömul loforð um ókeypis peninga handa öllum, konum og köllum. Mitt í skýjaborg kosningabaráttunnar vakti hins vegar einn frambjóðandi athygli á veruleikanum.

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, kunní blaðamanninum vafalaust litlar þakkir sem spurði hana í vikunni út í leyfi hennar frá störfum af heilsufarsáæðum nýverið. Engu að síður svaraði hún af hreinskilni. „Ég var undir talsverðu álagi,“ sagði Lilja um veikindin. „Ég ákvað að það væri skynsamlegt að taka mér hvíld.“ Í einni svipan svipti Lilja hulunni af einu stærsta samfélagsmeini samtímans, málefni sem þó er ekki minnst á einu orði í þeim loforðaflaumum sem stefnuyfirlýsingar stjórnmálaflokkanna eru.

Áhrif kóvíð á vinnustaði

Frá árinu 1939 hefur verslanakeðjan Marks & Spencer verið ein vinsælasta verslun breskra karlmanna í leit að nýjum jakkafötum. Skrifstofufólk, sem margt vann heiman frá sér í kórónaveirufaraldrinum, hefur hins vegar tekið ástföstri við joggjoggingbuxur. Forsvarsmenn M&S telja breytingu á klæðnaði karlmansins varanlega. Verslunin tilkynnti nýverið að jakkaföt fengjust nú aðeins í 110 af 254 verslunum M&S en áhersla yrði lögð á stakar buxur og kósí peysur.

Þægilegri karlmannsklæðnaður er ekki eina breytingin sem kóvíð olli og notið hefur vinsælda.

Ný skýrsla frá Englandsbanka, Seðlabanka Bretlands, sýnir að einn hópur naut góðs umfram aðra af aukinni fjarvinnu í heimsfaraldrinum: Konur með börn. Brottfall kvenna af vinnumarkaði vegna umönnunarskyldna snarminnkaði. „Líklegt verður að teljast að

ástæðan sé sveigjanleiki fjarvinnu,“ segir í skýrslunni.

En þótt karlmönnum leyfist nú að mæta á skrifstofuna með stroff í strengnum virðist sú vinnustaðabreyting sem er konum til hæðarauka ekki ætla að hljóta sömu náð fyrir augum stjórnenda. Fjármálaráðherra Bretlands berst nú fyrir því að fólk fari aftur inn á skrifstofurnar upp á gamla mátann frá níu til fimm. Fyrirtækið Google hótar því að skerða laun þeirra sem vinna heima.

En hvers vegna er sveigjanleiki konum sérstaklega mikilvægur?

Ofan á hefðbundna vinnu sjá konur að mestu um ólaunaða vinnu, heimilisstörf og umönnun barna. Í íslenski rannsókn sem gerð var fyrir faraldurinn sögðust tæp 39% kvenna en aðeins 4% karla sjá að mestu leyti um heimilisstörf. Samkvæmt rannsókn UN Women vörðu konur fyrir faraldurinn sex fleiri klukkustundum við barnaumönnun á viku en karlmenn. Munurinn er nú tæpar átta klukkustundir á viku. Samkvæmt árlegri vísitölu kvenna á vinnumarkaði sem PricewaterhouseCoopers stendur að hefur Covid-19 valdið „kvennakreppu“. Vegna aukinnar ólaunaðrar vinnu inni á heimilum hefur atvinnuþátttaka kvenna minnkað og er því spáð að í lok árs 2021 verði hún sú sama og árið 2017.

Aðspurð játaði Lilja Alfreðsdóttir að segja mætti að hún hefði gengið á vegg. Lilja er ekki ein. Þær eru úti um allt, konurnar sem ganga nú á vegg. En hvar eru kosningaloforðin handa aðframkomnum konum? Hvar eru hugmyndirnar að kvenvænu samfélagi? Hvar er sveigjanleikinn sem myndi létta undir með þeim?

Í síðustu viku samþykkti skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar að skerða enn frekar sveigjanleika í lífi kvenna. Til stendur að opnunartími leikskóla borgarinnar verði stytur varanlega og munu skólarnir loka 16.30 í stað 17.00 eins og áður var.

Sveigjanleiki er sjálfsagður þegar kemur að vömb karla en ekki lífi kvenna. ■



Jólin hefjast á Jómfrúnni

Jólamatseðill frá 11. nóvember.

Kom glad!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is





Sterling svaraði rasistunum með marki í Búdapest. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kynþáttaniðið inn á borð FIFA

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, staðfesti í gær að sambandið væri með til skoðunar kynþáttaniðið sem leikmenn urðu fyrir meðan á leik Englands og Ungverjalands stóð í Búdapest í vikunni. Enska knattspyrnusambandið óskaði eftir því að Evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, gripi til aðgerða eftir að Raheem Sterling og Jude Bellingham urðu fyrir kynþáttafordómum á fimmtudaginn. Stutt er síðan UEFA úrskurðaði að Ungverjar skyldu leika tvo leiki fyrir luktum dyrum vegna óláta stuðningsmanna en það nær ekki til leikja í undankeppni HM sem er undir FIFA.

Forsætisráðherra Bretlands, Boris Johnson, var einn þeirra sem kölluðu eftir því að Ungverjum yrði refsað eftir að stuðningsmenn Ungverjalands voru með kynþáttaniði í garð Sterlings og Bellinghams í gær en utanríkisráðherra Ungverjalands, Peter Szijjarto, svaraði um hæl að Bretar hefðu sýnt óvirðingu þegar þeir bauluðu á þjóðsöng Ítala á úrslitaleik Evrópumótsins í sumar. ■

Minni eyðsla annað árið í röð

hjoarvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Félögin í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta karla eyddu meira en einum milljarði punda í félagaskiptaglugganum í sumar en annað árið í röð var minna eytt en árið áður.

Þetta er í fyrsta sinn síðan árin 2008 til 2010 sem að félögin eyða minna tvö sumur í röð. Þá er þetta lægsta upphæð sem ensku úrvalsdeildarfélagin hafa varið í leikmenn í sumarglugga í sex ár.

Félögin borguðu 150 milljónir punda á lokadegi félagaskiptagluggans en þar á meðal voru kaup Manchester United á Cristiano Ronaldo fyrir rúmlega 20 milljónir punda.

Heildarupphæð fyrir leikmenn í þessum glugga var 1,1 milljarður punda en hún var 1,3 milljarðar punda síðasta sumar. ■



Mótmæli voru fyrir utan húsnæði KSÍ fyrir leik Íslands og Rúmeníu þar sem þess var krafist að Klara Bjartmarz myndi segja upp störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þarf að þora að viðurkenna vandann

Ljóst er að það verður kosin ný stjórn í KSÍ á næstu vikum, eftir að fráfarandi stjórn sagði af sér í vikunni. Fréttablaðið fékk tvo aðila innan knattspyrnuhreyfingarinnar til að nefna breytingar sem mætti skoða hjá næstu stjórn.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Stjórn KSÍ brást við ákalli samfélagsins um að segja af sér og boða til ársþings á dögnum, til þess að hægt væri að kjósa nýja stjórn. Tilkynt var í gær að þingið yrði þann 2. október næstkomandi og þá yrði fundin tímabundin stjórn fram að næsta ársþingi sem er í febrúar.

UEFA staðfesti í gær við vefmiðilinn Visi að fráfarandi stjórn myndi starfa áfram fram að þinginu í október. Í tilkynningunni sem stjórn KSÍ sendi frá sér í vikunni var tekið fram mikilvægi þess að vinna fagþóps um endurskoðun viðbragða við kynferðisbrotum og ofbeldi innan hreyfingarinnar og hvernig staðið var og verður að stuðningi við þolendur verður áfram í forgangi.

Deigi eftir að Guðni Bergsson, fyrrverandi formaður KSÍ, hafði orð á því að sambandinu hefðu ekki borist ábendingar um ofbeldi



Frá mótmælunum fyrir utan Laugardalsvöll á fimmtudaginn.

af hálfu landsliðsmanna fóru þolendur að stíga fram og greina frá sögum sínum. Guðni sagði af sér og fylgdi stjórnin degi síðar en Klara Bjartmarz, framkvæmdarstjóri sambandsins, er komin í tímabundið leyfi frá störfum.

Fréttablaðið hafði samband við einstaklinga sem hafa verið innan knattspyrnuhreyfingarinnar undanfarin ár og spurði hvað þeir vildu sjá í næstu stjórn. ■

Harpa Þorsteinsdóttir fyrrverandi landsliðskona

„Það eru tveir punktar sem ég horfi til. Annars vegar mikilvægi þess að fólk einblíni ekki um of á KSÍ heldur líka á knattspyrnuhreyfinguna í heild. Það þarf að vera samstaða hjá öllum um stefnuna til framtíðar. Um leið má huga að kynjahlutanum, en það er búin að vera þróun í gangi til að jafna kynjahlutfallið. Þessi breyting hefur verið að eiga sér stað, það má ekki gleymast, þó að það megi alltaf gera betur,“ segir Harpa, aðspurð út í kynjahlutanum, en fyrr á þessu ári var tilkynnt að ákveðnu markmiði sambandsins hefði tekist, að konur væru í 30 prósent hlutfalli í nefndum á vegum KSÍ.

„Það mikilvægasta er að hafa hæft fólk í þessum stöðum.“

Sævar Pétursson framkvæmdastjóri KA

„Að minnu mati þarf að fara ofan í saumana á þessum málum öllum og það er nauðsynlegt að þora að viðurkenna vandamálið sem virðist hafa verið til staðar í hreyfingunni. Það þarf að setja af stað eitthvert ferli til að breyta þessum kultúr. Það hlýtur að vera á sama tíma krafa að hlutfall kvenna í íþróttahreyfingunni, ekki bara innan KSÍ, muni aukast. Það er ekkert ákveðið hlutfall en það ætti að vera krafa um að fá fleiri konur inn í stjórnir og ráð innan íþróttahreyfingarinnar,“ segir Sævar, sem telur einnig mikilvægt að skerpa á verkferlum þegar kemur að ofbeldismálum.

„Það hlýtur að vera krafa um að skerpa á verkferlunum, hvernig á að höndla mál eins og komu upp núna og að þeir verði notaðir. Að þau séu ekki að takast á við sakamál á sinn hátt heldur notast við verkferla ÍSÍ, í staðinn fyrir að tækla þetta með einhvers konar þöggun.“

Eitt tækifæri til að blása lífi í vonir Íslands í undankeppninni

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þegar undankeppni HM 2022 er að verða hálfnuð er staða Strákanna okkar í J-riðli ekki góð, í aðdraganda leiks Íslands og Norður-Makedóníu. Allt annað en sigur á sunnudaginn þýðir að vonir Íslands um að komast á lokakeppni HM aðra keppnina í röð eru litlar sem engar fyrir heimsókn Þýskalands. Um leið getur Ísland blásið lífi í veika von um annað sætið, með sigri og hagstæðum úrslitum annars staðar.



Þetta er fimmta viður-eign liðanna og hefur Ísland til þessa unnið einn leik af fjórum.

Það er ekki mikill tími sem gefst til endurhæfingar frá leiknum gegn Rúmeníu, en leikurinn á sunnudag er tæplega sjöttíu klukkutímum eftir að leik Íslands og Rúmeníu lauk á

fimmtudaginn. Það gæti hins vegar reynst Íslandi vel að andstæðingarnir fengu sama tíma milli leikja, en þurftu þar að auki að ferðast frá Skopje eftir leik gegn Armeníu á fimmtudaginn.

Þetta gæti orðið ákveðinn tímamótaleikur hjá tveimur aðilum íslenska landsliðsins. Nafnarnir Birkir Bjarnason og Birkir Már Sævarsson gætu leikið 100. leik sinn fyrir karlalandsliðið á sunnudaginn en aðeins Rúnar Kristinsson hefur náð hundrað leikjum eða meira fyrir karlalandsliðið. ■



Birkir, hér fyrir miðju, leikur líklegast 100. leik sinn fyrir Ísland á sunnudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

KRÓNAN

Bænda markaður um helgina!

Spergilkál

730 kr. kg

Pssst ...

Mundu eftir
fjölnota pokum
undir allt litla
grænmetið

Blómkál

649 kr. kg

Hjá bönda í gær ...
... hjá okkur í dag

Sveppir í lausu

969 kr. kg

Gulrætur með grasi, 400 g

389 kr. búið

Kartöflur smælki

399 kr. kg

Grænkál í lausu

1699 kr. kg

Rauðar paprikur

849 kr. kg



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



SWAY

Borðstofustóll. Svart PU-leður eða grænt áklæði. Grind og fætur úr svörtum málm.

28.792 kr. ~~35.990 kr.~~

ANDREW

Borðstofustóll. Grátt, brúnt eða svart bonded leður.



19.992 kr. ~~24.990 kr.~~



IDdesign

IBIZA

Eldhúsborð, hvítt með hvítum fæti, hvítt með krómfæti eða úr svörtum aski með svörtum fæti. Einnig svart barborð. Stærð: Ø 110 cm H: 74 cm

Hvítt og krómfótur

35.992 kr.
~~44.990 kr.~~

Hvítt og hvítur fótur

31.992 kr.
~~39.990 kr.~~



ERIS

Borðstofustóll. Svart PU leður með samlitum fótum.

7.992 kr. ~~9.990 kr.~~



GAIA

Borðstofustóll. Blátt eða grátt sléttflauel.

151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU FRÁ

b BROSTE COPENHAGEN

NORDAL

Bitz

evasolo

ester & erik

Verti COPENHAGEN

by Sommer

ZONE

KAY BOJESEN DENMARK

bodum

Medusa COPENHAGEN



BROSTE HAMMERED

Hnífapör f/4 22.392 kr ~~27.990 kr~~



BROSTE KERTADISKUR

Ø35xH12 cm 11.992 kr ~~14.990 kr~~



EVA SOLO GIN GLAS

3.892 kr ~~4.790 kr~~



NORDAL PORTO KARFA

32x40 cm 5.592 kr ~~6.990 kr~~

MUUBS

MUUBS DUBLIN VEGGHILLA

70x15x18 cm
19.992 kr ~~24.990 kr~~



NORDAL

NORDAL TORC SKÁL

18,5 cm 4.312 kr ~~5.390 kr~~
26,5 cm 8.792 kr ~~10.990 kr~~




Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga


Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



DANSKIR DAGAR



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*



KEEP

Keep sófarnir fást 2ja, 2,5 og 3ja sæta og kallast á við klassíska skandinavíska hefð. Kaldpressaður svampur og silicontrefjar gera sófan einstaklega þægilegan. Áklæðið er koníakslitt bonded leður og fætur eru svartir úr sterkum málm. 44 cm sethæð. Einnig fánlegt skammel.

2ja sæta, stærð: 163 x 86 x 60 cm


175.992 kr. ~~219.990 kr.~~

2,5 sæta, stærð: 207 x 86 x 60 cm

191.992 kr. ~~239.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 237 x 86 x 60 cm

199.992 kr. ~~249.990 kr.~~



Skammel: 81 x 81 x 45 cm

51.992 kr. ~~64.990 kr.~~



PETRI

Fallegur sófi sem fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu eða dökkgráu Toro sléttflauei. Kaldpressaður svampur og mini-gormar í þægilegu sæti. Í baki og hliðum eru þægilegar púðapullur. Sófinn hefur sterka, svarta viðarfætur. Retró útlit og nútímapægindi. 43 cm sethæð.



2,5 sæta Toro: 210 x 100 x 78 cm

171.992 kr. ~~214.990 kr.~~

3ja sæta Toro: 242 x 100 x 78 cm

183.992 kr. ~~229.990 kr.~~



AMBLE

Hringlaga borðstofuborð með svörtum viðarfótum. Endingargóð melamin borðplata með marmara útliti. Þvermál 110 cm, hæð 75 cm.



35.992 kr.

~~44.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

* Gildir ekki af sérpöntunum
eða vörum frá Skovby.



HÚSGAGNA
HÖLLIN



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Leikhúsin lifna við

Eitt merki um það að lífið færir smátt og smátt í sitt eðlilega horf eru opnar dyr leikhúsanna. Sýningar sem legið hafa í dvala lifna ljóslifandi við á sviði, auk þess sem nýjar bætast við og menningarvitar fagna.



Alla veðra von

Sirkushópurinn Hringleikur snýr aftur í Tjarnarbió um miðjan mánuðinn með sýningunni Alla veðra von, sem gert hefur viðreist um landið í sumar. Sýningin, sem er nýsirkussýning, hlaut Grímuverðlaun í ár fyrir dans- og sviðshreyfingar ársins, en í henni er sirkuslistin notuð til að skoða tengsl mannsins við veðrið.



Fimm ár

Þann 11. september verður söngleikurinn Fimm ár sýndur í Tjarnarbió, en leikhús- og söngleikjaunnendur ættu að kannast við verkið af Broadway og West End, undir heitinu The Last Five Years. Fimm ár er hugljúf ástarsaga sem fjallar um samband ungrar konu og manns, hann er rithöfundur og hún er leikkona.



Þétting hryggðar

Nýtt verk verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í september. Verkið fjallar um fjóra Reykvíkinga sem eru læstir inni í fundarherbergi í Borgartúni af öryggisástæðum. Þau deila um skipulagsmál, Domino's og hverjum sé raunverulega hægt að kenna um allt sem er að.



Rómeó og Júlía

Þetta klassíska verk í nýrri útgáfu undir stjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Þessi mikla örlaga-saga birtist hér með glænýrri tónlist og nýrri nálgun, sem líkleg er til að höfða ekki sist til ungs fólks.



Ekkert er sorglegra en manneskjan

Nú fer hver að verða síðastur að sjá nýoperuna sem hlaut Grímuverðlaun fyrir tónlist og söngkonu ársins, en loka-sýning verksins er á morgun sunnudag í Tjarnarbió. Verkið fjallar um fálmennda leit mannsins að hamingjunni, þar sem figúrur ráfa um sviðið í leit að merkingu en fátt virðist virka, enda manneskjan breysk og gjarnan ómeðvituð um hvað sé henni fyrir bestu. Enda er ekkert sorglegra en manneskjan.



Kjarval

Fjölskyldusýningin Kjarval verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í september. Hún fjallar um myndlistarmanninn Jóhannes Kjarval, sem batt bagga sína ekki sömu hnútum og samferðamenn en kenndi okkur að líta umhverfið nýjum augum og sjá listina í hinu stórbrotna jafnt sem hinu hversdagslega – í hrikalegu hrauni en líka í mygluðum flatkökum.



Hin fræga ástarsaga Shakespeares, Rómeó og Júlía, lifnar í kvöld við í Þjóðleikhúsinu með nýrri nálgun. MYND/ADSEND



Vertu úlfur

Sýning ársins á Grímuverðlauninum 2021 snýr aftur, en hún hreyfði svo sannarlega við áhorfendum á síðasta leikári og var sýnd yfir 50 sinnum fyrir fullu Þjóðleikhúsi.



VHS krefst virðingar

Fyrsta frumsýning leikársins í Tjarnarbió er í flutningi grínkvartettsins VHS. Að sögn meðlimanna hefur þeim ekki verið sýnd tilhlýðileg virðing á þessum miklu óvissutímum, enda margoft gert að breyta sýningaráætlunum og sýna fyrir hálffullum húsum. Nú sé komið nóg og krefst hópurinn virðingar, með uppstandssýningu sem fara mun í sögubækurnar.




Fullorðin

Gamanleikurinn Fullorðin hefur snúið aftur í Hof, Akureyri. Um er að ræða gamanleik um það skelfilega hlutskipti okkar allra að verða fullorðin og misheppnaðar tilraunir okkar til að sannfæra aðra um að við séum það.



Kardemommubærinn

Hin ástsæla saga Thorbjörns Egner sló í gegn á síðasta leikári og geta enn fleiri börn fengið að njóta nú, þegar það lifnar aftur við á fjöllum Þjóðleikhússins.



Benedikt búálfur

Vinsæli fjölskyldusöngleikurinn snýr aftur í Samkomuhúsið á Akureyri nú um helgina. Um er að ræða einn allra þekktasta barnasöngleik þjóðarinnar, en töfrandi saga og gripandi tónlist Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar hefur unnið hug og hjörtu íslenskra barna á öllum aldri.



Nashyrningarnir

Verkið eftir Ionesco vakti verðskuldaða athygli á síðasta leikári og verður boðið upp á nokkrar sýningar í september í Þjóðleikhúsinu.



Er ég mamma mín?

Samstarfssýningin Er ég mamma mín? verður aftur sýnd í Borgarleikhúsinu 10. september, þar sem Kristbjörg Kjeld og Sólveig Guðmundsdóttir fara á kostum.



Mæður

Síðustu sýningar á gestasýningu Borgarleikhússins Mæður verða í kvöld og annað kvöld. Mæður fagna vandamálunum og sigrunum sem fylgja móðurhlutverkinu, því sagða og öllu sem okkur er ekki sagt, klisjunum, mýtunum, því fáránlega og því frábærlega óvænta.

Straumurinn er í Öskju!



Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvinn- og tengiltvinnbíla frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbilum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn, opið í dag 12-16. Við tökum vel á móti þér.

**Skoðaðu úrvalið á
sýningarsalur.askja.is**

Sýningarsalur nýrra bíla Öskju á vefnum er alltaf opinn. Þar má sjá bíla sem eru til á lager eða eru væntanlegir.

Þær Selma Björnsdóttir, Björk Jakobsdóttir og Salka Sól Eyfeld stíga innan skamms á svið með sýningu sem þær byggja mikið til á eigin reynsluheimi. Allar þrjár leika þær sjálfar sig í verkinu Bíddu bara en titill verksins vísar í setningu sem þær hafa allar heyrt og jafnvel sagt, fullloft.



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Við hittumst í Gaflaraleikhúsinu þar sem verkið verður að öllu óbreyttu frumsýnt eftir viku en frumsýningarbiðin hefur verið löng eins og í öðrum leikhúsum. Þreykið var leitt saman fyrir ári síðan af engri annarri en Eddu Björgvins. Björk Jakobs, einn eigenda Gaflaraleikhússins, hugðist gera nýja sýningu og mælti Edda með að hún fengi þær Selmu og Söllu með sér og úr varð Bíddu bara sem þær kynna sem drepfyndið verk um raunveruleika íslenskra kvenna.

Þegar þrjár listakonur úr ólíkum reynsluheimum, á fertugs-, fimmtugs- og sextugsaldri, koma saman til að skapa gleðileik um eigið líf er úr nægu að móða og er stutt í hláturinn og kaldhæðnina þegar sest er að spjalli með þeim.

Björk: Þegar við hittumst smullum við alveg svakalega enda erum við fulltrúar þriggja kynslóða. Ég er svona seinnihelmingkynslóðin. Ég er komin á breytingaskeiðið og börnin farin að heiman. Ég skoða því hvaða áhrif það hefur á mann. Selma er einstæð ofurkona með unglíngla og sjö aukavinnur og speglar því allt sem því tengist. Svo er það Salka sem er að byrja á þessu öllu saman.

Bíddu bara-sérfræðingarnir

Salka á von á sínu öðru barni með stuttu millibili og er sú sem kom með heitið á verkinu, Bíddu bara.

Björk: Við Selma erum svo hoknar af reynslu að við vorum alltaf að segja við hana: „Bíddu bara, Salka mín,“ við hinu og þessu. Svo fór að hún stakk upp á að verkið hétu þessu nafni enda umkringd „bíddu bara-sérfræðingum“.

Selma: Maður er alltaf að segja þetta. Hún kannski segir: „Mér líður vel núna á meðgöngunni,“ og maður svarar: „Já, bíddu bara þangað til þú færð grindargliðnun. Þetta á bara eftir að versna.“ Þetta er svo mikil lenska í okkar þjóðfélagi og þá ekkert bara hjá konum. Við segjum þetta öll og þegar við ákváðum að þetta yrði titill verksins fór ég að taka enn meira eftir þessu.

Salka: Maður heyrir þetta mikið alla meðgönguna og líka þegar barnið er komið í heiminn. Ég veit að þetta kemur frá góðum stað en fyrir ákveðnar týpur getur þetta verið mjög kvíðavaldandi,“ segir Salka og tekur enn eitt dæmið: „Bíddu þar til barnið fer að taka tennur, þá ertu ekki að fara að sofa neitt!“

Selma: Þetta er líka svona ef maður skilur. Þá fær maður að heyra: „Þetta er kannski í góðu núna en bíddu bara, hann á eftir að yngja upp.“ Og: „Bíddu bara þar til stjúpmamma kemur og ætlar að fara að ala upp þín börn. Bíddu bara þar til þau eignast börn!“ Það er alltaf verið að margfalda áhrifin.

Salka: Svo er það: „Bíddu bara þangað til þú ferð á breytingaskeiði.“ Svo þegar maður er búinn á því, þá er það: „Bíddu bara þangað til þú ferð á elliheimili,“ og þegar þangað er komið er það: „Bíddu bara þangað til þú deyrð.“

Selma: Maður á alltaf að vera að bíða eftir því að hlutirnir versni.

Salka: Ef maður færi nú að temja sér að segja: „Bíddu bara, þetta verður betra.“

Spegla sig hver í annarri

Björk: Við erum svolítið að gera grín að þessu. Ég myndi ekki segja að við séum að grafa neitt vodalega djúpt þó að á bak við sögunar séu



oft djúpar og sárar tilfinningar. Við viljum bara hlæja og hafa gaman og spegla okkur hver í annarri. Við reynum að dvelja ekki mikið í sárum skilnaði en við erum með mjög hress skilnaðarlag og texta.“

Salka: Um leið og maður segir eitthvað upphátt þá áttar maður sig á því strax að maður er ekki einn. Nærtækasta dæmið mitt er tækni-frjóvganirnar sem ég þurfti að undirgangast þegar ég átti dóttur mína og nú aftur. Um leið og ég hef farið að tala um þá reynslu þekkja allir einhvern sem hefur gengið í gegnum svipað.

Þegar þær stóllur fóru að vinna að verkinu var Salka í tækni-frjóvgunarferli sem hún segir hafa gengið upp og ofan en nú þegar frumsýning er fram undan er meðgangun rúmlega hálfnuð.

Salka: Það er auðvitað krefjandi að vera í svona ferli og dæla í sig hormónum. Ég tala mjög opinskátt um þetta allt og finn að fólk dýrkar

að heyra það. Stundum finn ég að fólki af eldri kynslóðum bregður þegar ég tala um þetta og það er allt í lagi, við erum bara að læra og lifa.

Björk: Við tölum líka um það. Ég tala til að mynda um að mér finnst ákveðið tabú að ræða svona lagað því það er svolítið kynslóðin mín. Fólk segir til dæmis oft: „Bíddu bara þar til þú eignast börn,“ en það er bara fullt af fólki sem getur ekki átt börn. Við þurftum að tala um alls konar hluti við vinnslu verksins. Ég tala til dæmis um það hvernig það er að vera með uppkomin börn, mér finnst ég oft voða ósýnileg og óþörf í samfélaginu og því fylgir ákveðinn einmanaleiki.

Við komumst einnig að því að við erum allar með bullandi kvíða eins og kannski meirihluti íslensku þjóðarinnar.

Allar með bullandi kvíða

Þegar þær eru spurðar út í það hvernig kvíðinn lýsi sér hjá hverri

og einni bresta þær í söng, það er Kvíðalagið sem þær sömdu fyrir verkið og hefst á orðunum: Ég er með kvíða fyrir flestu.

Björk: Ég er með riðukvíða. Það eru allir á Íslandi að gera það svo mikið og mér finnst við hjónin bara ekki vera að standa okkur nægilega vel á því sviði. Svo er ég líka hestamanneskja og er alltaf með kvíða yfir því að ríða ekki nægilega mikið út. Svo þetta er tvíþættur riðukvíði.

Selma: Ég er með afkomukvíða, frammistöðukvíða, félagskvíðaröskun, aðskilnaðarkvíða, löggukvíða og bara alls konar kvíða.

En þú, Salka?

Björk: Þú ert meira að segja greind með kvíða!

Salka: Ég er bara algjör kvíðabolti og það þarf lítið til að koma mér þangað. En ég er alltaf að ná betri stjórn á honum og læra inn á hann. Hann getur poppað upp á örök-réttum tímum og þá býst maður við því versta.

Selma, Salka og Björk smullu strax saman og eru í verkinu hver fulltrúi sinnar kynslóðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Við höldum upp á
34 ÁRA AFMÆLI

SPARIÐ ALLT AÐ

60%



**AFMÆLIS-
BÆKLINGUR
Á RFL.IS**

Öll skrifborð-
og skrifborðsstólar
20-40%
afsláttur

Öll
stillanleg rúm
20%
afsláttur

Allir
sjónvarpsskápar
25%
afsláttur

Allar svamp-
og springdýnur
20-40%
afsláttur

Allar
boxdýnur
20-30%
afsláttur

Allir skenkir
og glerskápar
25%
afsláttur

Allir eldhús-
og borðstofustólar
20-40%
afsláttur

Öll
sófaborð
25%
afsláttur

Allir WELLPUR
heilsukoddar
20-60%
afsláttur

Allir
púðar
30%
afsláttur

Allir
hægindastólar
20-30%
afsláttur

Öll HØIE
sængurver
30%
afsláttur

Öll
rúmteppi
30%
afsláttur

Allir lampar
og loftljós
20-30%
afsláttur

SMARTSTORE
plastkassar
20%
afsláttur

Allar
vegghillur
20-30%
afsláttur

Allar
mottur
20-30%
afsláttur

KING COLE
garn
25%
afsláttur

Allar
skrautplöntur
25%
afsláttur

SKANNAÐU KÓÐANN



**OG SKOÐAÐU
ÖLL AFMÆLIS-
TILBOÐIN**

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFMÆLISLEIKUR

TAKTU ÞÁTT Í
AFMÆLISLEIKNUM
OKKAR Á FACEBOOK
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
GJAFAKORT!



GILDIR TIL 14.09



Selma: Það litaði líka æfingatímabilið. Við erum að deila persónulegum reynslum og við notum okkar eigin nöfn og það veldur auðvitað ákveðnum kvíða. Þá fer maður að draga sig niður og efast um sjálfan sig. Tilurðin á þessu leikriti er í raun búin að vera marínerandi kvíðakeis.

Björk: Já, þó ég segist vera með ríðukvíða í verkinu þá er það bara vegna þess það var fyndnasti kvíðinn en ekkert endilega dagsannur.

Þó að verkið sé byggt á okkur erum við óhræddar við að ýkja og ljúga helling.

Kvíðinn er margþættari og hefur aukist með aldrinum hjá mér sem ég held að sé algengt. Nú skil ég til að mynda hvers vegna gamlar konur segja alltaf: „Guð minn almáttugur, farðu varlega!“ Þetta er bara þessi lífskvíði.

Selma: Lífskvíði, dauðakvíði og hamfarakvíði. Svo hefur Covid gert



Þetta er líka svona ef maður skilur. Þá fær maður að heyra; „Þetta er kannski í góðu núna en biðu bara, hann á eftir að yngja upp.“

Selma.

það að verkum að maður hefur fengið sjúkdómakvíða og afkomukvíða. Við erum búnar að missa vinnurnar endalaust og aftur og aftur og aftur. Það hefur bara bætt á mann kvíða. Ég byrjaði til að mynda á að bæta á mig sex kílóum og missti þau svo aftur. Þetta er allt kvíðatengt, fyrst borða ég tilfinningar mínar og missi svo matarlystina. Þó svo við séum að gera grín að þessu er þetta dauðans alvara.

Björk: Það er svo mikilvægt að tala um þetta enda pípir Instagram stöðugt á mann til að segja manni hvað allir eru hamingjusamir. Þarf maður að sjá fólk með kokteiglasi í Bláa lóninu á mánudagsmorgni? Er það akkúrat það sem maður þarf á þeirri stundu?

Salka sem fulltrúi ungu kynslóðarinnar og mæðra með ung börn hlýtur að finna fyrir pressu þar sem mæður eru duglegar við að birta vel klædd börn og stiliseruð barnaherbergi á miðlinum.

Salka: Ég held að ég sé nógu klár til að láta þetta ekki ná til mín.

Selma: Pressan getur líka orðið til þess að mæðrum finnist þær ekki vera að standa sig. Maður er alveg nógu óruggur með fyrsta barn.

Salka: Ég skil alveg að þetta geti náð til ungra mæðra.

Björk: Þó við notum okkar eigin nöfn í verkinu þá er Salka fulltrúi ungu kynslóðarinnar og margt það sem hún er látin ganga í gegnum er eitthvað sem ég fór í gegnum sem ung móðir eins og hræðslan við uppeldissérfræðingana.

Stefnumótamarkaðurinn

Selma: Svo erum við líka að tala um hvernig það er að vera á stefnumótamarkaðnum eftir fertugt, eftir skilnað. Baráttuna við það að vera þarna úti og verða fyrir stöðugum vonbrigðum því það eru nú ekki margir góðir kostir á lausu.

Ég fer til dæmis út í það hverjir eru á lausu en það eru fráskildir virkir alkar, fráskildir óvirkir alkar, spílafíklar, flassarar, skápahommar, nískupúkar, hallelújahopparar, tukthúslímur, gamalmenni og skyldmenni. Og þegar maður er búinn

að sigta þá frá eru sirka fimm eftir. Svo þegar maður fer að rýna í þessa fimm kemst maður að því að þeir eru búnir að deita, halda fram hjá, eða vera giftir frænku þinni, systur þinni, nágrenniskonu þinni, kollaega þínum eða ömmu þinni. Þetta er veruleiki manns á stefnumótamarkaðnum. Svo er það þessi innri barátta, að vilja bara vera ein en vera samt alltaf að vonast eftir því að finna lífsförunaut.

Salka: Við erum allar með ólíkar reynslur sem er frekar geggjáð. Svo við erum jafn mikið að segja frá og að hlusta.

Breytingaskeiðið afsökun

Breytingaskeiðið er eitt umræðuefna-anna en það er ekki mikið talað um það í daglegu tali milli kvenna, alla vega ekki yngri kvenna.

Björk: Ég er mjög opinská með þetta. Ég segi bara: „Fyrirgefðu að ég viti ekki hvað mamma þin heitir, ég er á breytingaskeiðinu.“ Þetta er frábær afsökun fyrir öllu. Ég kannski fer í viðtal og man ekki hvað forseti Íslands heitir en það er allt í lagi því ég er á breytingaskeiðinu og því með heilapöku. Ég tala aðeins um þetta og það þegar börnin fara að heiman og maður þarf að fara að vera æðislega rómantískur aftur og fara allt í einu einn með kallinum í ferðalög. Hver nennir því? Og vera rómantískur á miðju breytingaskeiði þegar maður svitnar eins og maður sé í sána og með skapbreytingar eins og flóðhestur í geðrofi. Þetta er náttúrulega ekkert auðvelt. Og svo stundum þegar kallinn opnar munninn langar mann bara til að skjóta hann!

Selma: En það er eitt sem er aldrei rétt – kynlíf eftir sextugt! Mig langar að vita hvernig það er – það er bara aldrei rétt.

Björk: Ég á nú bara fimm ár eftir í sextugt!

Selma: Nákvæmlega! Ég ætla að hringja í þig eftir fimm ár og heyra hvernig gengur!

Björk: Heldurðu að það breytist æðislega mikið á fimm árum?

Selma: Nei, en líka bara þegar fólk er orðið 67 og sjötugt. Mig langar að vita þetta.

Þó þær stöllur geri óspart grín af upplifunum sínum segja þær djúpar og sárar tilfinningar oft liggja að baki.



Nærtækasta dæmið mitt er tækni-frjóvganirnar sem ég þurfti að undirgangast þegar ég átti dóttur mína og nú aftur.

Salka.

Skil ekki að fólk nenni að skilja

Björk: Ég skil ekki fólk sem nenni að skilja. Selma skilur ekki hvernig ég hef nenni að hanga með sama karlinum í hundrað ár og svo erum við báðar að segja Sölku að það séu mjög litlar líkur á því að hennar hjónaband haldi.

Selma: Samkvæmt Hagstofu Íslands endar þriðja hvert hjónaband í skilnaði svo það er ekkert víst að hennar haldi.

Björk: Selma vill bara að hún drífi í því að skilja á meðan ég segi henni frekar að halda sig við gömlu sófaklessuna.

Salka: Ég er bara föst á milli tveggja elda.

Þær skella upp úr enda samtalið auðvitað á gamansömu nótnum þó svo að tölur Hagstofunnar séu ekki upplognar.

Selma: Þó þetta sé það sem við erum að ganga í gegnum þá er margt af því sammanlegt.

Björk: Ég hef alla tíð verið óhrædd við að heimfæra djóka upp á sjálfa mig. Ég er ekkert að segja að allt eigi við mig eða mitt hjónaband en þetta er margt sem mín kynslóð er að ganga í gegnum. Þá er gott að heimfæra það upp á sjálfan sig, ýkja svo hressilega og þá fer fólk kannski að hlæja.

Salka: Það er líka þægilegt að bresta í söng þegar maður á erfitt með að tjá sig. Við stóðum hér margoft við píanóið með Karli Olgeirssyni og úr urðu heil sex lög.

Björk: Það er nú næstum því söngleikur.

Hamingjupressan ógurlega

Talið berst aftur að hamingjupressunni sem rædd var stuttlega áður.

Björk: Ég er komin á þann aldur að lífið er bara ekkert ógeðslega skemmtilegt alltaf. Ég fór á eitthvert núvitundarnámskeið þar sem ég átti að liggja og slaka á og leiðbeinandi sagði: „Rifjaðu nú upp þrjár hamingjustundir yfir daginn.“ Og ég bara: „Það er mánudagur!“ Er þrjár hamingjustundir yfir daginn ekki dálítið mikið? Svo hugsaði ég, Jú, Fréttablaðið kom í dag eftir langa bið og það var hamingjustund og svo mundi ég ekki eftir fleiru. Við grinumst með þetta en þetta er alls staðar svona.

Selma: Svo les maður fréttamiðla og það er bara dauði og djöfull alls staðar og maður lokaður inni. Svo skoðar maður Instagram hjá fólki sem er að gera miklu skemmtilegri hluti.

Björk: Ég er nýbyrjuð á Instagram og skil alveg að ungt fólk sé kvíðið. Þetta er rosa mikið að uppfylla, þú ert kannski ekki orðinn tvítugur og það eru allir að meika það. Um leið og þú opnar símann eru allir með stórkostlegt líf. Ég væri svoleiðis hágrátandi heima hjá mér ef ég væri unglingsstúlka.

Selma: Svo er það þessi lækellingaleikur. Ef þú ert ekki með marga fylgjendur þá póstarðu ekki neinu því þú vilt ekki fá bara fimmtán læk á meðan vinur þinn fær 400. Þetta er hræðilegt því þú ferð þá í felur af lækhræðslu.

Björk: Má þetta ekki bara vera eins og í gamla daga? Þegar fólk talaði bara illa um mann þegar maður heyrði ekki til? Nú er þetta orðið opinbert og beint í andlituð á manni.

Salka: Við erum líka af mismunandi kynslóðum með þetta allt. Ég er búin að læra inn á þetta, ég unfollowa og passa upp á algóritmann minn svo ég verði síður fyrir slæmum áhrifum. En ég fæ vissan kvíða yfir því að ala upp barn í þessum aðstæðum. Ég skil leikreglurnar núna en mun örugglega ekki gera það eftir einhvern tíma. Við lifum í svo hröðum heimi þar sem allt er alltaf að breytast.

Yngri kynslóðir stokka upp

En ætli pressan sé almennt meiri á konum í samfélaginu?

Salka: Mér finnst umræðan um „mental load“ vera jákvæð, hún er



Ég er með riðukvíða. Það eru allir á Íslandi að gera það svo mikið og mér finnst við hjónin bara ekki vera að standa okkur nægilega vel á því sviði.

Björk.

alveg ný. Mér finnst líka yngri kynslóðir vera að stokka svo rosalega upp í hlutunum að ég er spennt fyrir framtíðinni. Við getum ekki sagt hvernig önnur kyn upplifa hlutina en ég settist niður með maninum mínum um daginn og ræddum þetta mental load sem oft vill lenda meira á konum.

Björk: Hvað er mental load?

Salka: Þetta er stundum líka kallað þriðja vaktin. Þegar konan kemur heim og veit hvað er til í ísskápnum, hvað á að læra fyrir morgundaginn, hvaða íþróttaföt eru hrein og að það er afmæli á föstudaginn. Ég stóð mig að því að

vera þreytt á að gera fullt af svona litlum hlutum svo við hjónin settumst niður og ræddum þetta og ætlum að passa upp á að deila þessu. Um leið hugsaði ég bara til mömmu og hugsaði: Fokk! Hvað hún hafi þurft að fara í gegnum og manni fannst það alltaf eðlilegt. Ég er svo spennt að sjá hvert mín kynslóð og næstu eru að fara.

Ég er líka oft að útskýra hluti fyrir Björk og Selmu, eins og að hán sé kynsegin og svo framvegis.

Björk: Við tókum einmitt umræðuna um pólitískan rétttrúnað, en ég er skíthrædd og þori varla að umgangast ungt fólk lengur.

Salka: En það er einmitt svo fallegt að hlusta. Þær hlusta og ég hlusta. Þær hafa eitthvað að kenna mér en ég hef líka margt að kenna þeim. Það væri óskandi að við tækjum það meira til okkar almennt. Manni er alltaf kennt að bera virðingu fyrir þeim sem eldri eru og að þeir eldri viti best en stundum er líka allt í lagi að hlusta á þá sem yngri eru.

Selma: Það er nauðsynlegt að yngri kynslóðirnar hristi upp í hlutunum.

Salka: Við lærum hver af annarri og ég held að það sé markmiðið og það er fallegt. ■

Afsláttur í dag

Tilboðsbæklingurinn okkar er kominn út. Hann er fullur af gæðatækjum á sérstöku tilboðsverði sem gildir í september.

Í tilefni þess bjóðum við afslátt af öllum vörum í dag, laugardaginn 4. september, sem eru ekki nú þegar á tilboði.

Opið frá 11-16.
Afsláttarkóði í vefverslun: **sminor**

Athugið að þessi kjör gilda aðeins um heimilistækjahlutann í vefversluninni.



Skoðaðu nýja tilboðsbæklinginn á síðunni okkar, sminor.is!



100
ÁRA 1920-2020

5
ÁRA * * * * *
ÁBYRGÐ

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Í vikunni hlaut Manuel Zerón Sánchez, ræðismaður Íslands í Alicante og Murcia, fálkaorðuna fyrir þjónustu við Íslendingasamfélagið. Manuel hefur þurft að hafa afskipti af glæpamönnum og hjálpa börnum úr erfiðum aðstæðum. Hann segir endurgjöf erfiðu stundanna mest gefandi.

Árið 2017 var ákveðið að stofna ræðismannsskrifstofu á Alicante- og Murcia-svæðinu þar sem Íslendingum var farið að fjölga mjög mikið. Í dag er þetta stærsta „Íslendinganýlendan“ þó að fjöldinn sé ekki vitaður með vissu. Spænski hagfræðingurinn Manuel Zerón Sánchez var ráðinn til starfans og hefur einn starfsmann, Svavar Sigurðarson, sér til halds og trausts á skrifstofunni.

„Ég flutti á svæðið nokkru áður til að stunda viðskipti og kynntist íslenska samfélaginu í gegnum viðskiptafélaga. Samband mitt við Íslendinga jókst og jókst og þess vegna var stungið upp á mér í þetta starf,“ segir Manuel. „Síðan þá hef ég eignast fjölmarga íslenska vini og kunningja til viðbótar og tengslin aukist enn frekar. Fólkið hérna á svæðinu þekkir mig.“

Íslendingar velkomnir

Alicante og Murcia eru á austurströnd Spánnar, sunnan við Valencia og Benidorm en norðan við Malaga og Almería. Manuel telur að á meðan hann hafi starfað á skrifstofunni hafi Íslendingar með fasta búsetu verið einhvers staðar á bilinu 1.500 til 4.000 en hefur ekki nákvæmar tölur um fjölda á hverjum tíma. Þar fyrir utan er fólk sem býr þar aðeins hluta ársins og ferðamenn. Hann getur þó séð að Íslendingum fjölga enn því að sífellt eykst ásóknin í þjónustu skrifstofunnar, til dæmis útgáfu bráðabirgðavegabréfa.

Flestir Íslendingar sem hafa fasta búsetu eru á eftirlaunaaldri. Manuel segir flórana hins vegar



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is

Lærði að takast á við glæpamenn

vera að breytast. „Fyrir um tveimur árum síðan gerðist svolítið merkilegt. Yngra fólk og fjölskyldufólk, á fertugs-, fimmtugs- og sextugsaldri, fór að flytja á staðinn sem mér finnst mjög jákvætt,“ segir hann. „Þau spyrja okkur mikið um skólana og allt sem tengist atvinnulífinu. Sumt yngra fólkið starfar eða rekur eigið fyrirtæki á Spáni en annað vinnur á Íslandi í gegnum net og síma.“

Aðspurður af hverju Íslendingasamfélagið á þessum stað hafi vaxið svo hratt umfram aðra á Spáni segir Manuel að líklega hafi munnmæli mest um það að segja. Þjónustan á svæðinu sé góð og verðlag hagstætt og þeir Íslendingar sem búi þar séu sáttir. Þetta fréttist heim og vindur upp á sig. Til að mynda hafi margir keypt eignir í bænum Torrevieja, sunnan við Alicanteborg.

„Á Alicante er löng hefð og mikil þekking í ferðamennsku. Fyrstu ferðamennirnir komu frá Svíþjóð á sjöunda áratugnum og síðan komu Bretarnir í kjölfarið. Í dag er staðurinn meðal þriggja mestu ferðamannastaða Spánnar,“ segir Manuel. Hvaða staðir séu vinsælastir hefur breyst með árunum, áður fyrir heimsóttu Íslendingar mikið til Mallorca og Kanaríeyjar en í dag séu Tenerife og Alicante vinsælli. „Íslendingum líður vel á svæðinu og finnst þeir vera velkomnir.“

Fjölbreytt hlutverk

Ræðismenn, eða konsúlur, höfðu einkum það hlutverk hér á árum áður að efla viðskiptasambönd milli landa. Seinna meir fór það hlutverk að mestu leyti til sendiherranna en ræðismenn fengu frekar það hlutverk að veita

íbúum á ákveðnu svæði þjónustu. Til dæmis hvað varðar opinbera þjónustu gagnvart heimalandinu, neyðarþjónustu og aðstoð ef fólk lendir upp á kant við lögin.

„Stór hluti af því sem við gerum er að útvega svokölluð lífsvottorð. Vottorð sem Tryggingastofnun þarf til þess að greiða út bætur fyrir fólk búsett erlendis,“ segir Manuel. „Annað sem við gerum er að sjá um kosningar og það er nóg að gera í því núna.“



Mig langar oft til þess að taka upp tólið og athuga hvernig þeim gengur og hvernig þeim líður.

Alþingiskosningarnar fara fram 25. september næstkomandi og Íslendingar á Spáni eru duglegir að kjósa utan kjörfundar.

Manuel segir hins vegar að það sé neyðarþjónustan sem veiti honum hvað mest. Hún sé kannski ekki sú þjónusta sem er mest áberandi en skipti hins vegar mestu máli.

„Neyðarþjónustan er ástæðan fyrir því að mörg af okkur störfum við þetta,“ segir Manuel. „Viðbrögðin sem við fáum eru engu lík. En málin sem koma inn á okkar borð eru það ekki heldur.“

Glæpamenn

Í bæ nokkrum í umdæmi Manuela búa meðal annars Íslendingar sem hann lýsir sem „ekki hljóðlátum“. Stöðu sinnar vegna vill hann ekki segja hvaða bæ um ræðir.

„Þarna hef ég komist í kynni við og þurft að hafa afskipti af glæpamönnum í nokkur skipti,“ segir Manuel alvarlegur í bragði. „Ég varð virkilega hræddur. Ég er hagfræðingur, ekki lögreglumaður, og þegar ég byrjaði í starfinu vissi ég ekkert hvernig ég ætti að verja mig.“

Segist Manuel ekki hafa verið undirbúinn fyrir þess konar reynslu þegar hann hóf störf fyrir ræðismannsskrifstofuna. Þetta fékk mikið á hann til að byrja með, ekki síst þar sem hann er fjölskyldumaður. Hafa ber í huga að skipulögð glæpastarfsemi er útbreidd á svæðinu og stór hluti af þeim fíkniefnum sem flutt eru til Íslands koma frá Alicante.

„Þegar maður lendir í svona erfiðum aðstæðum hugsar maður ekki um neitt annað en fjölskylduna. Einu sinni var ég á leiðinni heim á laugardagskvöldi eftir að hafa haft afskipti af þessum mönnum. Ég lagði bílnum á miðri leið, sat í bílnum og hugsaði með mér hvers vegna ég væri að gera þetta,“ segir Manuel. „Á þessum tímamarki var ég virkilega að hugsa um að hætta í þessu starfi. Að lokum ákvað ég að gefast ekki upp og það reyndist ein besta ákvörðun sem ég hef tekið. En hún var ekki auðveld.“

Síðan þá hefur Manuel fengið aðstoð og kennslu við að fást við glæpamenn. Það er hvernig eigi að tala við þá og hegða sér í kringum þá. Sjálfstraustið hefur einnig aukist til muna.

„Mér finnst aðstæðurnar yfirleitt ekki jafn hættulegar og mér fannst áður. Það veitir mér meiri öryggis-tilfinningu þó að mér líði kannski ekki beinlínis vel,“ segir Manuel. „Ég bregst öðrúvísi við en áður því ég veit núna hvað ég á að gera og hvað ég á alls ekki að gera. Þetta snýst allt um skynsemi en ekki vald. Ég hef lært svo rosalega mikið

Manuel segir að Íslendingum finnst þeir velkomnir í Alicante.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

og þegar ég horfi aftur á sjálfan mig árið 2017, sé ég allt aðra manneskju. Mér líður vel og starfsemin í ræðis-mannsskrifstofunni er traust.“

Börn í myrkrinu

Í störfum sínum hefur Manuel oft haft milligöngu um að koma fólki heim, bæði lifandi og látnu. Á Alicante sem ferðamannastað hefur skapast mikil reynsla við að koma látnu fólki til síns heima og ræðis-mannsskrifstofur hafa milligöngu um það. Í sumum tilvikum þarf að bera kennsl á látið fólk og hafa uppi á nánustu ættingjum eða vinum heima á Íslandi, sem er ekki endilega einfalt mál ef um er að ræða einstæðinga.

Aðspurður segist Manuel oft þurfa að tilkynna ættingjum um andlát. „Trúðu mér. Það eru miklu erfiðari hlutir sem við gerum en það,“ segir hann.

Á svæðinu býr alls konar fólk, þar á meðal fólk sem er í mikilli áfengis- og eða fíkniefnaneyslu. Ekki er langt síðan íslenskur karlmaður, grunaður um barnanið, var handtekinn í litlum bæ nálægt Alicante.

Berst talið að þeim hluta starfsins sem hefur fengið hvað mest á Manuel. Að koma börnum úr erfiðum aðstæðum, sumum sex eða sjö ára gömlum. „Stundum höfum við þurft að koma að börnum í mjög slæmum aðstæðum. Þá störfum við með félagsþjónustunni og lögreglunni, bæði á Spáni og Íslandi, við að koma þeim heim,“ segir Manuel en börnum hefur til dæmis verið komið heim til afa og ömmu sinnar á Íslandi.

„Fólkið í félagsþjónustunni er þjálfað í því að taka á svona málum en ég er það ekki. Það er ákaflega erfitt að sjá börn í þessum aðstæðum,“ segir hann. Það venjist ekki svo glatt. „Í þessu myrkri vill maður gera allt sem maður getur til þess að hjálpa þeim út.“

Samkvæmt Manuel hafa í þrjú skipti komið upp mál þar sem virkilega var óttast um heilsu barns. Teyminu hefur hins vegar tekist að leysa þau mál farsællega. „Endurgjöfin í þessum málum hefur verið ótrúleg og hvetur okkur til þess að halda áfram,“ segir hann. „Ég mun aldrei gleyma þessum börnum. Mig langar oft til þess að taka upp tólið og athuga hvernig þeim gengur og hvernig þeim líður. Þessi mál snertu mig djúpt.“

Stríðsástand

Vikur nú samtalinu að heimsfaraldrinum og þeim áhrifum sem hann hefur haft á Íslendingasamfélagið ytra. En ásamt Ítalíu var Spánn það land sem lenti hvað verst í faraldrinum vorið 2020 og algert neyðarástand ríkti.

„Það ríkti stríðsástand. Ég á ekki annað orð til að lýsa því,“ segir



Það ríkti stríðsástand. Ég á ekki annað orð til að lýsa því.

Manuel um þennan tíma þegar faraldurinn var að hellast yfir Spán. „Herinn og heimavarnarliðið tóku völdin og nutu aðstoðar lögreglunnar á staðnum. Það var sett á strangara útgöngubann en í nokkru öðru landi. Þú gast ekki keyrt frá einum stað til annars nema hafa mjög góða ástæðu og geta sannað hana,“ segir hann.

Í mars var ákveðið að flytja eins marga Íslendinga heim og hægt var og vann Manuel með sendiherranum Kristjáni Andra Stefánssyni, staðsettum í París, að því. Utanríkisráðuneytið tryggði auka flugferðir til þess að koma sem flestum heim á sem skemmtum tíma.

„Spítalarnir yfirfylltust og hættu að geta tekið við fólki. Það voru heldur ekki nógu margir sjúkrahúsar til þess að sækja fólk,“ segir Manuel. „Margir Íslendingarnir eru á áttæðis- og níræðisaldri og okkar hlutverk var að reyna að róa þá niður.“

Skynjaði hann það vel að fólk var hrætt og síminn hringdi stanslaust. Skrifstofan hringi einnig í fólk til að athuga með liðanina.

„Ég þakka guði fyrir það að við höfum ekki misst neinn en það hefði vel getað gerst,“ segir Manuel. „Fólk sagði mér að það væri veikt en enginn sjúkrahúll á leiðinni. Við gátum ekki hjálpað því á neinn hátt nema með því að tala við það.“

Í maímánuði og júní árið 2020 lagadist ástandið töluvert á Spáni og landið var opnað á ný. Annað

neyðarstig gilti frá nóvember fram í maí á þessu ári.

„Ástandið hefur lagast mikið og ekki hægt að bera það saman við þessa hræðilegu mánuði í fyrra,“ segir Manuel. „Stundum birtast fréttir um að faraldurinn sé á mikilli uppleið og það hljómar eins og fólk sé að deyja á götum úti. Ein kona hringdi í mig frá Íslandi og sagðist hafa hætt við að fljúga til Alicante eftir að hafa lesið slíka frétt. En ástandið er gott hérna núna og fólk er eins öruggt og hvar annars staðar. Jú, það eru sumir á spítala en heilbrigðiskerfið er ekki í lamasesi.“

Fékk fálkaorðuna

Manuel dvelur nú hjá vinfólki sínu í Garðinum. Í vikunni veitti Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, honum fálkaorðuna fyrir þjónustu hans við íslenska samfélagið í Alicante og Murcia. Manuel segist bæði þakklátur og hræður en einnig svolítið feiminn með heiðurinn því að margir aðrir starfi við það sama og sinni sömu verkefnum og hann.

„Ég er ekki búinn til úr stáli. Ég er bara manneskja og þetta er mesti heiður sem mér hefur hlotnast,“ segir Manuel. „Ég er ákaflega stoltur. En mér finnst Svanhvit Adalsteinsdóttir, forstöðumaður ræðisskrifstofanna í utanríkisráðuneytinu, eiga hluta af þessu. Hún er ótrúleg manneskja og fagmaður fram í fingurgóma. Hún þjálfadi mig vel í þetta hlutverk, hafði

mikla þolinmæði og hefur komið að mörgum erfiðum málum með mér. Að hafa hana sem bakhjarl er eitt það besta sem hefur komið fyrir mig.“

Trúir á íslensk fyrirtæki

Þó að þjónusta við Íslendinga á erfiðum stundum sé það sem gefi Manuel mest leggur hann einnig mikið upp úr rótum ræðismannshlutverksins, það er að efla viðskiptasambönd, enda menntaður til þess. Ráðuneytið hvetur ræðismenn sína einmitt til þess að beita sér á þessu sviði sem Manuel segir gott.

„Það hefur lítið upp á sig að reyna að koma íslenskum þorski á markað í Alicante, það er ekki svæðið fyrir hann eins og Barcelona og Bilbao eru. En ýmis sprotafyrirtæki geta átt sér framtíð á staðnum sé haldið rétt á spöðunum,“ segir hann.

Manuel nefnir fyrirtækið Mulier Fortis, sem stofnað var fyrir sex árum, og framleiðir heilsu- og hreinlætisvörur undir vörumerkinu Númer eitt. Þetta fyrirtæki hefur stefnt á að hasla sér völl á Spáni og leitaði til Manuela.

„Ég trúir því að þetta fyrirtæki geti notið velgengni á svæðinu og geri mitt til að reyna að koma því á framfæri,“ segir Manuel. „Ég hvet líka önnur lítil fyrirtæki og sprotafyrirtæki til þess að koma yfir hafði og reyna fyrir sér hérna. Internetið er ágætt en ef maður vill koma vörunni á markað jafnast ekkert á við að mæta á staðinn.“ ■

Í bænum Torre- vieja er eiginleg Íslendinga- nýlenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Notað upp í nýtt

Komdu með eldri raftæki til okkar og fáðu inneign í verslun Vodafone upp í nýjar græjur. Við sjáum til þess að raftækinu sé fargað á ábyrgan hátt.

Sjáðu nánari upplýsingar um græna ferlið á vodafone.is

 **vodafone**



Elín Björk Jónasdóttir

Vinstri græn,
8. sæti Suðvestur



Veðurfræðingurinn Elín Björk hefur lengi verið í Vinstri grænum. Hún segist ekki alltaf hafa verið mjög pólitísk en hefur sterkar skoðanir á ákveðnum málum, einkum mannréttindamálum og umhverfismálum. Í störfum sínum sér hún glögg áhrif loftslagsbreytinganna.

„Ég kann fræðin og hef fylgst með þessu gerast í 22 ár.“ segir Elín. „Ég fagna því að umhverfismálin séu orðin meginstraumsumræðuefni. Einu sinni var lítið á þau sem eitthvað róttækt eða jafnvel óþarfa.“

Elín segir stefnuna setta á að Vinstri græn leiði næstu stjórn. Sjálf útilokar hún meiri þátttöku í stjórnáttum, en hún var nýlega kjörin í stjórn flokksins. „Ég er að koma inn af hliðarlínunni.“



Kristinn Haukur
Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

Frægir í framboði

Á framboðslistum stjórnáttaflokkanna má finna fjölbreytta flóru fólks. Þar á meðal fólk sem hefur orðið þekkt fyrir allt annað en stjórnátt. Fréttablaðið tók hús á nokkrum þekktum framboðendum, sem eiga kannski ekki von á þingsæti.



Friðrik Þór Friðriksson

Framsóknarflokkurinn,
16. sæti Reykjavík norður



„Framsóknarflokkurinn hefur staðið sig vel í stuðningi við kvikmyndagerð. Þjuggu til Kvikmyndasjóð og komu endurgreiðslunni á.“ segir leikstjórinn Friðrik Þór, sem er ekki flokksbundinn en hefur áður setið á lista hjá flokknum. „Kvikmyndaskólinn er nú að verða að háskóla.“

Áður fyrr var Friðrik lengra til vinstri og var til dæmis mikill herstöðvaandstæðingur. Aðspurður um kosningarnar í haust segir Friðrik þær aðallega snúast um heilbrigðiskerfið og stjórnarskrána.

„Ég hugsa hins vegar fyrst og fremst um kvikmyndagerðina. Að nemendur mínir í Kvikmyndaskólanum fái tækifæri til að gera kvikmyndir.“ segir hann.



Ragnheiður Eiríksdóttir

Píratar,
18. sæti Suðvestur



Ragga, sem þekktust er fyrir skrif sín um kynlíf, segist lengi hafa kosið Pírata. Með árunum hafi áhuginn á pólitík vaxið og útilokar hún ekki að sækjast eftir hærri metorðum.

„Ég hef ekki fundið fyrir vilja hjá öðrum flokkum til þess að breyta kerfinu.“ segir Ragga, sem starfar sem geðhjúkunarfræðingur og segir þörf á breytingum. „Það gleymist oft að kerfið er búið til af okkur og við erum þess megnug að breyta því.“

Auk heilbrigðismálanna skipta jafnréttismálin og mál flóttafólks og hælisleitenda Röggju mestu. „Mér finnst kosningar alltaf snúast um að koma íhaldinu sem lengst frá völdum. Í haust þurfum við að stokka pólitíska landslagið upp. Við höfum séð Vinstri græn tapa öllu því sem var vinstri og grænt í þessari stjórn.“



Aldís Schram

Sósíalístaflokkurinn,
4. sæti Norðvestur

„Í byrjun júlí var ég að velja því fyrir mér hvaða flokk ég ætti að kjósa. Ég las stefnu Sósíalísta og varð svo hrifin að ég skráði mig. Síðan fékk ég upphringingu frá slembivalinni kjörnefnd og var spurð hvort ég vildi bjóða mig fram. Ég játti því og örlögin voru ráðin.“ segir lögfræðingurinn Aldís Schram, sem kom þjóðinni fyrst fyrir sjónir þegar hún sakaði föður sinn, Jón Baldvin Hannibalsson, um kynferðisbrot gagnvart börnum.

Það eru einmitt þessi mál sem standa Aldísi nærri. „Réttarbætur fyrir þolendur kynferðisofbeldis skipta mig miklu.“ segir Aldís, en það geri stjórnarskrármálin einnig. „Mér finnst líka mikilvægt að uppræta fátækt og það getum við meðal annars gert með því að gera auðlindir landsins að ævarandi eign þjóðarinnar.“

Aldís segir kosningarnar snúast um val milli óbreytts ástands eða dauða kapitalismans. „Síðan ég var unglingur hef ég velt því fyrir mér hvers vegna þjóðfélagið sé ekki réttlátt. Með samstöðu getum við breytt Íslandi í paradís.“ segir hún.



Birgir Þórarinnsson (Biggi Veira)



Samfylkingin,
5. sæti Reykjavík suður

„Ég hef verið virkur í grasrótinni frá því fljótlega eftir stofnun flokksins.“ segir Biggi, sem Íslendingar þekkja best úr hljómsveitinni GusGus. „Ég hef verið settur á lista við og við, en núna er ég aðeins ofar en venjulega.“

Hann segir áhugann á pólitík hafa vaxið með aldri, þroska, börnum og húsnæði. „Þegar maður þroskast finnur maður sífellt betur fyrir því að samfélagið er heild sem þarf að vinna saman. Við erum hópdýr og fáum okkar lífsfyllingu með því að gefa af okkur og tilheyra samfélagi.“ segir Biggi, sem er tölvunarfræðingur með viðbótargráðu í hagfræði. „Það hefur angrað mig mikið hvernig nýfrjálsbyggjan hefur eittrað huga fólks gagnvart samvinnu og samkennd.“

Í kosningunum er að mati Bigga tækifæri til þess að skipta um kúrs og móta annað samfélag en það sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi keyrt í gegn undanfarna áratugi. „Samfylkingin hefur styrkt sig mikið með nýju fólki og er nútíma hagstjórnarflokkur sem getur haldið utan um stjórnarsamstarf.“ segir hann. „Við viljum ná allavega fjórum inn í Reykjavík, við þurfum Rósu og Jóhann inn á þing.“ Detti Biggi inn sem varþingmaður á kjörtímabilinu segist hann heldur betur tilbúinn í það.



Tinna Gunnlaugsdóttir

Viðreisn,
7. sæti Reykjavík suður



„Ég hef til þessa verið óflokksbundin, en ég er alin upp í anda jafnaðarmennsku.“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir, leikkona og fyrrverandi þjóðleikhússtjóri. „Ég vona að Viðreisn eflist og dafni, en ég geri mér grein fyrir að það er á brattann að sækja.“

Aðspurð segir Tinna menningarpólitik hafa skipt sig miklu, hún hafi í gegnum tíðina beitt sér í þágu lista og skapandi hugsunar og muni áfram gera það. „Íslenskt samfélag hefur allt of lengi verið plagað af sérhyggju og hagsmunavörslu, eða einhvers konar innilokunarárættu, þar sem reynt er að púkka upp á það sjónarmið að við séum í raun best í öllu. Við eigum að opna samfélagið betur, taka á móti hugmyndum og fólki, læra af öðrum og fækka um leið þeim stjórntækjum sem notuð eru til að taka af okkur ráðin. Við sem höfum starfað lengi innan listanna vitum að þar sem mismunandi hugmyndir og reynsla og sýn mætast – verður alltaf til brennipunktur.“



Helga Möller

Sjálfstæðisflokkurinn,
21. sæti Suðvestur



„Ég er Sjálfstæðiskona og hef alla tíð verið.“ segir söngkonan og flugfreyjan Helga Möller. Þetta eru ekki fyrstu kosningarnar sem hennar nafn er á lista, þó hún sé ekki starfandi í grasrót flokksins.

„Ég hef alltaf verið pólitísk og fer ekkert leynt með mínar skoðanir.“ segir hún. „Mál aldraðra eru mér hugleikin sem og mál tónlistar og listafólks. Ekki síst í Mosfellsbænum þar sem ég bý. Þá skipta umhverfismálin mig einnig miklu máli.“

Í komandi kosningum segir Helga að menntamálin og heilbrigðismálin verði í öndvegi, í þeim málaflokkum þurfi að spýta í lófana.

„Það er gott fólk í öllum flokkum en mér finnst þetta ríkisstjórnarsamstarf hafa tekist mjög vel. Að það geti haldist sátt og samlyndi í svona ólíkum flokkum er mikið þroska-merki.“ segir Helga. „Ég vil sjá þessa stjórn sitja áfram.“

Aðspurð um hvort hún hafi aldrei verið beðin um að semja framboðslag flissar Helga. „Ég sé ekki ástæðu til þess að gera framboðslag.“



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 4. september 2021



Kettir elska kassa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kettir elska kassa

sandragudrun@frettabladid.is

Flestir kattaegendur vita að loðnu vinir þeirra elska að troða sér ofan í kassa. Netíð er fullt af myndum af köttum sem hafa troðið sér ofan í pappakassa. Ef af hverju ætli kettir elski kassa svona mikið?


Ástæðurnar geta verið margvíslegar en í grunninn sjá kettir kassa sem öruggan og þægilegan stað til að hvílast á.

Hvernig kettir sjá kassa

Kettir eru forvitnir að eðlisfari. Þegar eitthvað nýtt birtist í umhverfi þeirra rannsaka þeir það, til að fullvissa sig um að aðskotahluturinn sé öruggur og skera úr um hvort um er að ræða mat eða leikfang.

Þar sem kettir eru villidýr og kassar eru afmarkað lokað rými, þá sjá kettir kassa sem fullkominn stað til að liggja í felum og bíða eftir að stökkva á bráð. En kettir í náttúrunni eru líka bráð stærri dýra og kassar eru líka fullkominn felustaður fyrir ketti til að forðast þau. En þrátt fyrir að kettir elski kassa þá elska þeir ekki búrin sín. Kattaegendur velta ef til vill fyrir sér hvernig stendur á þessu. En kettir eru minnugir. Þeir vita að þegar þeir fara í búrið þá eru þeir að fara á leiðinlega staði eins og til læknis. Þess vegna flýja þeir í kassann sinn til að forðast búrið. ■

Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu



EYLIF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Klöru Sif þykir ekkert óþægilegt að vera þekkt fyrir það sem hún gerir á OnlyFans. Þvert á móti geri hún allt með stolti og af sjálfsöryggi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Lítur ekki á sig sem klámstjörnu

Akureyringurinn Klara Sif Magnúsdóttir er hæstlaunaðasti áhrifavaldur lýðveldisins, vegna sölu á erótísku myndefni á OnlyFans. Hún segir mikilvægt að vita hvaðan klám kemur. **2**



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Ég var mjög óörugg með mig þegar ég var yngri. Það var ekki fyrr en árið 2019 að ég ákvað fyrir sjálfa mig að ég er nóg. Ég er falleg, flott og frábær, sama hvernig líkami minn lítur út. Líkamar eru eins ólíkir og þeir eru margir, og við eigum að fagna þeim. Þeir hafa það hlutverk að halda okkur á lífi og hvernig er ekki hægt að elska það, fagna því og sýna það? Ég er eins og ég er og kem til dyranna eins og ég er klædd; við erum öll mennsk og ég hef ekki tíma í að stressa mig yfir einhverju sem skiptir jafnlitlu máli.“

Þetta segir Klara Sif Magnúsdóttir, 23 ára Akureyrarmær og tekjuhæsti íslenski áhrifavaldurinn, samkvæmt nýjum tekjublöðum DV og Frjálsrar verslunar; með 1,1 milljón á mánuði.

Tekjurnar fær hún fyrir að selja áskrifendum aðgang að erótísku efni á vefsíðunni OnlyFans.

„Er ég klámstjarna? Ég bý til „klám“ svo þannig séð er hægt að segja að ég sé klámstjarna, en ég lít ekki á sjálfa mig sem klámstjörnu. Ég er bara ung kona að búa til erótískt efni. Klámstjörnur eru yfirleitt vel þekkt fólk sem vinnur fyrir klámiðnaðinn. Ég vinn fyrir sjálfa mig. Sá er munurinn,“ útskýrir Klara Sif.

Fer sínar eigin leiðir

Klara Sif ólst upp í Árbænum þangað til hún flutti norður yfir heiðar, þá níu ára.

„Ég hef alltaf verið rosalega sjálfstæð. Ég er miðjubarn og fannst ég ung þurfa að hugsa um sjálfa mig. Mamma getur vottað að ég hef alltaf verið frekar uppreisnargjörn og farið mínar leiðir. Ég get af öryggi sagt að ég verði alltaf þannig,“ lýsir Klara sjálfri sér.

Hún var óráðin um nám og framtíðarstörf í uppvestinum.

„Á tímabili langaði mig að verða sálfræðingur eða kennari, en þegar ég óx meira úr grasi þótti mér slíkar hugmyndir um framtíðina fremur óspennandi,“ segir Klara Sif af hreinskilni.

Hún þarf ekki að stunda hefðbundna atvinnu frekar en hún vill sökum þess hve hún gerir það gott á OnlyFans.

„Ég gæti léttilega lifað á OnlyFans einu og sér, en ég kys að gera það ekki. Ég vinn á veitingastað hér á Akureyri og geri það aðallega fyrir félagsskapinn. Ég elska fólkid sem ég vinn með, þau eru frábær hvert og eitt, og við erum eins og lítil fjölskylda.“

Nýtur stuðnings kærastans

Klara Sif hefur sýnt ráðdeild eftir að hagur hennar vænkadist með æ fleiri áskrifendum á OnlyFans.

„Frá upphafi hef ég lagt peninga til hliðar til að borga skatt. Fyrst



Klara Sif segist ung kona sem býr til erótískt efni í vinnu fyrir sjálfa sig. Stór munur sé á því og að vinna fyrir klámiðnaðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN



Ég veit að betri kosturinn er alltaf að styðja við kynlífsverkfólk eins og mig.

eyddi ég alveg slatta. Ég var spennit yfir nýfengnu fé og það var óraunverulegt að vera allt í einu komin með svona mikinn pening á milli handanna. Í dag er ég orðin sparsamari og ætla að nota tekjurnar til að flytja til útlanda,“ segir Klara Sif, sem á kærasta sem býr í Lundúnum á Englandi.

„Kærastinn er fullur stuðnings og ég er mjög heppin með hann. Ég ætlaði mér ekkert í samband og var búin að sætta mig við að vera á lausu, en eins og langflestir vita birtist ástin yfirleitt þegar maður vill ekkert með hana hafa,“ segir Klara Sif, sæl og ástfangin.

„Ég vil bara eitt í framtíðinni, það er að vera hamingjusöm. Ég er ekki með eitthvert svaka masterplan yfir það sem ég vil fá út úr lífinu, annað en að vera sátt við sjálfa mig og mína nánustu. Hamingjan fyrir mínum hugskotssjónum er einmitt ég og fólkid sem ég elska, saman á fagurri eyju að njóta samverunnar og lifa lífinu.“

Elskar þetta starf

Sem stendur er Klara Sif með um 600 áskrifendum á OnlyFans.

„Í hreinskilni veit ég ekki af hverju vinsældir mínar stafa, en vilji maður halda í áskrifendahóp sinn þarf að sinna þessu af heilum hug. OnlyFans er alls ekki auðfengið fé, þrátt fyrir að vinnan sé spennandi og skemmtileg,“ segir Klara, sem setur inn nýtt efni í hverri viku en líka ljósmyndir og styttri myndbönd á hverjum degi.

„Efni mitt á OnlyFans er allt frá undirfatamyndum og myndböndum, nektarmyndum og nektarmyndböndum. Ég tek upp myndbönd af sjálfri mér með kynlífstæki og einstaka sinnum er ég með einhverjum öðrum og tek okkur upp að stunda kynlíf,“ greinir Klara Sif frá.

„Ég geri þetta því það hentar mér. Mér finnst þetta skemmtilegt starf og það er svo gott að geta unnið á sínum eigin forsendum. Ég elska þetta starf þótt það geti verið mjög krefjandi á sama tíma,“ segir Klara Sif og óttast ekki áhrif gjörða sinna á OnlyFans í framtíðinni.

„Mín kynslóð er opnari, skilningsríkari og umburðarlyndari fyrir málaflökknum kynlífi en eldri kynslóðirnar, kannski vegna þess að það er búid að normalisera þessa hluti meira á undanföllum árum. Mér finnst það geggjað. Þetta á ekki að vera feimnismál. Við erum öll okkar eigin manneskjur og eigum að fá að lifa á okkar eigin forsendum, svo lengi sem við særum ekki aðra. Þegar ég byrjaði á OnlyFans hugsaði ég vita-

skuld út í alla möguleika á hvað gæti gerst; hvaða áhrif þetta hefði á framtíð mína, en ég er hvergi smeyk, enda tók ég þessa ákvörðun sjálf og mun alltaf þurfa að lifa með það.“

Hættulegur klámiðnaður

Klara Sif er meðvítuð um gagnrýnisráddir þeirra sem segja klám vera ofbeldi og sölu á líkama kvenna.

„Klámiðnaðurinn getur verið mjög hættulegur konum og það er mikið um mansal og nauðganir á vettvangi klámiðnaðarins og klámsiðna, eins og PornHub. Því hvet ég alla til að kaupa klám frá fólk eins og mér, í stað þess að styðja frítt klám og í leiðinni mansal, nauðganir og misnotkun á stelpum undir lögdaldi. Það er mjög mikilvægt að vita hvaðan klám kemur. Sjálf er ég mjög gagnrýnin þegar kemur að þessum hlutum og veit vel að betri kosturinn er alltaf að styðja kynlífsverkfólk eins og mig,“ segir Klara Sif ákveðin.

Á OnlyFans hefur hún lent í slæmum samskiptum.

„En það er ekkert sem situr í mér. Ég bjóst alveg við því að þar yrðu ekki allir næs eða skilningsríkir. Ég hef lent bæði í græðgi og dónaskap, en þegar slíkt gerist loka ég einfaldlega á viðkomandi. Ég fæ langofast fyrirspurnir um kynlífsmyndbönd og það er ekkert mál fyrir mig að verða við því, en sé ég beðin um að gera eitthvað sem ég kærmi mig ekki um, þá einfaldlega geri ég það ekki.“

Vill styrkja sjálfmynd stelpna

Helstu fylgjendur Klöru Sifjar á samfélagsmiðlum eru yngri stelpur og konur á hennar aldri.

„Á OnlyFans eru það yfirleitt karlmenn. Hversu gamlir þeir eru get ég ekki sagt til um, þar sem langflestir eru þar undir fölsku nafni og engri mynd. Samt sem áður veit ég að margir eru á mínum aldri og eldri. Ég tek eftir því að fólk horfi á mig en hugsa lítið út í hvort það gæti verið áskrifandi eða frá OnlyFans. Ég fæ hins vegar skilaboð þess efnis að menn þekki mig en vilji ekki gefa nánari deili á sér. Það getur verið smá óþægilegt, en eins lengi og ég fæ greitt fyrir mína vinnu er mér slétt sama hver kaupir efnið mitt,“ segir Klara Sif, alveg slök.

„Á samfélagsmiðlum langar mig að ná til stelpna og kvenna sem fylgja mér. Unglingar þurfa að dila við ýmsa standarda í dag, sérstaklega líkamsmyndina og ég vil láta þær vita að þær séu fallegar eins og

þær eru. Við erum allar systur og verðum að standa saman í gegnum allt. Ég vil að þær viti að þær eru sterkar og geti allt sem þær langar að gera, sama hvað öðrum finnst. Fólk mun alltaf hafa skoðun á því hvað maður gerir, en ef við veltum okkur endalaust upp úr álitum annarra munum við aldrei verða hamingjusöm.“

Ber höfuðið hátt

Í litlum bæ sem Akureyri þekki margir mann og annan, en Klara segist lítið finna fyrir því að fólk horfi á hana á götum úti.

„Það talar enginn um þetta við mig upp úr þurru, nema nánustu vinir og fjölskylda og þar eru allir fullir stuðnings. Ég er svo heppin með fólkid mitt. Mamma og maðurinn hennar djóka aðallega um að vera umboðsmennirnir mínir, og pabbi og konan hans eru stolt af mér og því hver ég er, sem ung kona í dag. Ég verð ævinlega þakklát fyrir vini mína og ættingja,“ segir Klara Sif, sátt í sál og sinni.

„Mér finnst ekkert óþægilegt að vera þekkt fyrir þetta. Ég er þvert á móti mjög stolt af sjálfri mér og finnst ég standa mig vel í lífinu. Það sem fólk segir um mig, eða finnst um mig, kemur mér ekki við og hefur ekkert með mig að gera. Ég ber höfuðið hátt og geri allt með stolti og af sjálfsöryggi. Það er allt sem ég þarf.“

Ætlar að njóta hvernar mínútu Þegar Klara Sif er ekki að vinna nýtur hún þess að vera ein heima, eða hún fer og ver tíma með fjölskyldu og vinum.

„Ég er afar heimakær og elska ekkert meira en að liggja uppi í sófa með kisunum mínum, með gott snarl og horfa á Netflix eða vel valda bíómynd,“ segir hæt launada OnlyFans-kona landsins.

„Að vera áberandi á samfélagsmiðlum snýst auðvitað um einhvers konar athyglisþrá. Ekki alltaf á slæman hátt, en það getur skaðað fólk andlega að nota þessa miðla á rangan hátt. Ég játa fúslega að vilja athygli, en allt sem ég set á mína miðla geri ég fyrir sjálfa mig og engan annan. Ég hugsa ekki um viðurkenningu annarra þar sem ég viðurkenni sjálfa mig alveg nógu vel,“ segir Klara Sif, staðráðin í að halda áfram á OnlyFans.

„Lífið er rússíbani svo allt getur gerst, en eins og staðan er núna mun ég halda mínu striki og njóta hvernar sekúndu af því.“

Fylgstu með Klöru Sif á Instagram. Aðgangurinn hennar þar heitir Klarasif. ■

Kröftug & náttúruleg andoxunarbomba

Íslensk og járnrík krækiber & rauðrófuduft

Sannkölluð ofurfæða fyrir veturinn

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

andoxun

Íslensk krækiber & rauðrófuduft
Járnrik ofurfæða
60 HYLKI FÆÐUBÓTAREFNI

Nýtt Fæst í næsta apóteki, heilsuvörðslun og flestum stórvörumörkuðum.

BIOThERM

THE POWER OF LIFE PLANKTON™



CHRISTY TURLINGTON BURNS

BIOThERM.DK

COMMITTED TO
A BETTER FUTURE
FOR OUR OCEANS
SINCE 2012



BIOThERM
WATER LOVERS



KEMUR Í VEG FYRIR ÖLDRUNAREINKENNI VEGNA SKORTS Á ÞÉTTLEIKA HÚÐAR

HÚÐIN FÆR LYFTINGU, ÞÉTTLEIKA OG ENDURHEIMTIR LJÓMA

BLUE THERAPY

„Red Algae“ er einstakur rauðþörungur sem finnst við strendur Atlantshafs. Biotherm gefur einstaka blöndu þörunga og kollagenpeptíða sem veita húðinni þéttleika, lyftingu og aukinn teygjanleika.

BIOThERM MÆLIR MEÐ

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM



Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega.

Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma. Einnig til fyrir þurra húð og næturkrem.

BLUE THERAPY CREAM-IN-OIL



Viltu samstundis mýkt og næringu?

Uppbyggjandi virkni „sea sugar“ og viðgerðareiginleikar olía af náttúrulegum uppruna í fersku kremgeli sem bráðnar inn í húðina. Kremið vinnur hratt gegn sjáanlegum öldrunareinkennum.

Á aðeins 2 vikum endurheimtir jafnvel þurr húð sjáanlega mýkt, þéttleika og ljóma.

BLUE THERAPY AMBER ALGAE REVITALIZE



Blue Therapy Amber Algae Revitalize dagkrem fyrir andlit, háls og bringu sem hentar fyrir þroskaða húð.

Kremið inniheldur einstakan Amber Algae þörung, Life plankton™ auk uppbyggjandi efna. Það er orkugefandi, nærandi, dregur úr öldrunareinkennum og styrkir varnarkerfi húðarinnar.

Húðin verður frísklegri, með meiri ljóma, mýkri og vel nærð. Einnig til næturkrem.

BLUE THERAPY ACCELERATED KREM



Blue Therapy Accelerated er silkimjúkt, mjög létt, gelkennt krem með sömu virku þörungunum og eru í seruminu.

Kremið „bráðnar“ við hitastig nálægt húðhita og gengur því samstundis inn í húðina.

Húðin verður rakanærð, línur minna sjáanlegar, húðin virðist þéttari, húðlitur verður frísklegur og ljómandi og útlínur andlitsins verða skarpari.

Ómissandi mótvægi við eril lífsins

Berlín er nánast fullkomin hlaupaborg, að sögn Ingunnar Sighvatsdóttur sem hefur búið þar síðan 2011. Hlaup eru hennar helsta áhugamál en borgin býður upp á ótal skemmtilegar hlaupaleiðir.

starri@frettabladid.is

Ingunn Sighvatsdóttir hóf að hlaupa eftir kúm og kindum í sveitinni heima í Biskupstungum, en hefur undanfarin ár hlaupið um stræti og garða Berlínarborgar í Þýskalandi þar sem hún hefur búið síðan 2011 ásamt fjölskyldu sinni.

Hún tók fram hlaupaskóna árið 2012 og hefur síðan þá tekið þátt í nokkrum maraþonhlaupum og styttri hlaupum í borginni og víðar. Hlaupin eru fyrir löngu orðin að lífsstíl hjá henni og eru að hennar sögn ómissandi mótvægi við annan eril í lífinu, auk þess að vera besta og ódýrasta sjúkratrygging sem hægt er að hugsa sér.

Hún segir Berlín vera nánast fullkoma hlaupaborg. „Hér eru götur og gangstéttir breiðar, umferðin er víðráðanleg og mikið af gördum, skógum og síkjum sem hægt er að hlaupa í og með fram, jafnvel í miðborginni. Möguleikarnir eru óteljandi og því auðvelt að hafa mikla fjölbreytni í hlaupunum. Áður en ég flutti hingað bjó ég á Ítalíu og segja má að tilraunir mínar til að hefja hlaup þar hafi alltaf endað illa sökum hita, mikillar umferðar og þröngra gangstétta.“

Frábær borg

Eftir að hafa stundað söngnám og lokið námi í Þýsku við Háskóla Íslands flutti hún til Þýskalands árið 1992. Eftir nokkur ár í Hamborg og München færði hún sig um set til Ítalíu þar sem hún kynntist manningnum sínum, en saman eiga þau tvö börn.

„Ég hef alla tíð unnið í heimi klassískrar tónlistar og 2011 fluttum við til Þýskalands, þar sem ég hef unnið síðustu tíu árin sem umboðsmaður óperusöngvara, hljómsveitarstjóra og leikstjóra hér í Berlín. Ég kann mjög vel við mig í Berlín því borgin hefur allt það sem stórborg býður upp á, en er um leið líka mjög græn og róleg í samanburði við aðrar evrópskar stórborgir. Borgin býður líka upp á mikla möguleika varðandi úti-vist, en hér eru skógar og mörg vötn, bæði í borginni sjálfri og í nágrenni hennar.“

Margar skemmtilegar hlaupaleiðir

Það var árið 2012, eða 20 vinnuár-um og tveimur börnum síðar, eins og hún orðar það, sem hún byrjaði að hlaupa. „Ég rakst á innlegg á Facebook-grúppunni „Íslendingar í Berlín“ þar sem nokkrar íslenskar stelpur voru að setja á fót hlaupahóp og skráði mig til leiks. Keppnisskapið vaknaði aftur til lífsins og skömmu síðar skráði ég mig í fyrsta 10 km hlaupið.“

Næst var það fyrsta hálfmarar-ponið og árið 2014 vann ég í



Ingunn Sighvatsdóttir, fyrir miðri mynd, tók þátt í maraþonhlaupi í Berlín síðasta vor.

MYNDIR/ÁSENDAR

lotteríinu og fékk pláss í Berlínar-maraþoninu. Á sama tíma byrjaði ég að hlaupa með hlaupahópi hjá íþróttafélaginu SCC, sem meðal annars skipuleggur Berlínar-maraþonið og fleiri hlaup í Berlín.

Það er mjög mikið úrval af skemmtilegum hlaupaleiðum í



Fjölskyldan saman á góðri stundu í sumarfríi á Ítalíu í sumar. Frá vinstri eru Nora Líf, Natan Arnór, Cosimo og Ingunn.

Berlín og lítið mál að velja nýja leið á hverjum degi,“ segir Ingunn. „Ég bý rétt hjá Teltow síkinu og hleyp oft með fram því, stundum snemma morguns fyrir vinnu. Hlaupahópurinn minn hleypur alltaf í Grunewald, sem er stór skógur í útjagri borgarinnar sem inniheldur nokkur stöðuvötn. Auk þess notum við hlaupabraut í Mommsenstadion fyrir „interval“-hlaup einu sinni í viku. Þar sem ég vinn í miðborginni, nálægt Brandenborgarhljóðinu, hleyp ég borgarhlaup einu sinni í viku með vinkonum mínum eftir vinnu. Það er sérstaklega skemmtilegt að hlaupa í miðborginni yfir veturinn þegar borgin er ljósum prýdd á kvöldin.“

Covid sett strík í reikninginn

Frá því Ingunn hóf að hlaupa árið 2012 hefur hún tekið þátt í fjölda hlaupa í borginni og meðal annars hlaupið tvisvar í Berlínar-maraþoninu.

„Í Berlín eru tvö öflug félög sem skipuleggja mörg hlaup í borginni, SCC og Berlin läuft. Ég er með öruggt pláss í öllum hlaupum sem SCC skipuleggur, en það er innifalið í árgjaldinu. Auk þess hef ég líka hlaupið flest hlaupin sem Berlin läuft skipuleggur. Covid hefur náttúrulega sett stórt strík í reikninginn hvað varðar skipulögð hlaup síðastliðið ár og nánast öllum hlaupum verið aflýst. Hlaupahópurinn minn hefur þó verið duglegur að hlaupa, hvort sem við hlaupum ein eða saman eftir æfingaplani.“

Svo skráði ég mig í lok síðasta árs í Abbott Global Run Club sem er hlaupaklúbbur á netinu. Boðið

Hlaupin hafa gefið mér svo mikið og verið í raun ómissandi þáttur í lífi mínu síðan ég hóf að hlaupa.

Ingunn Sighvatsdóttir.

er upp á ýmis hlaup, stutt og löng, sem þátttakendur skrá sig í. Ég hljóp til dæmis maraþonhlaup 1. maí og þá færðist tíminn af úrinu inn á síðu klúbbsins. Folk hljóp um allan heim maraþonhlaup þennan dag, en sigurvegurinn hljóp í Kanada.“

Stefnir á sex stóru

Ýmis skemmtileg hlaup eru fyrir-huguð í haust og í vetur. „Næst á dagskrá er Berlínar-maraþonið 26. september og svo átti ég alltaf pláss í Tókýó-maraþonhlaupinu 2020 sem búið er að fresta til ársins 2022.“

Annars hef ég sett mér það langtíamarkmið að hlaupa öll sex Abbott hlaupin, en það eru maraþonhlaup sem eru haldin í Berlín, Tókýó, Boston, New York, London og Chicago. Ég hef lokið Berlín, New York og Chicago og ef ég nær Tókýó á næsta ári þarf bara að klára Boston og London. Við sjáum til hvort það gangi upp. En hvort sem það tekst eða ekki þá er aðalatriðið að hlaupin hafa gefið mér svo mikið og verið í raun ómissandi þáttur í lífi mínu síðan ég hóf að hlaupa.“ ■

lavera

NATURKOSMETIK

Þreföld virkni

Firming línan frá Lavera er með þrefalda virkni af Hyaluronic sýrum sem binda mikinn raka í húðinni ásamt því að stinna hana. Húðin mýkist og fær fallegan ljóma. Firming línan stuðlar að heilbrigðri húð og minnkar myndun finna lína. Vegan vottuð.

100 % certified natural personal care

Lavera Íslandi

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



Íþróttastjóri

Breiðablik leitar að öflugum einstaklingi í spennandi starf íþróttastjóra.

Helstu verkefni:

- Forysta um mótun íþrótt- og þjálfunarstefnu félagsins, umsjón með framkvæmd og eftirfylgni
- Samskipti og samstarf við allar deildir Breiðabliks, foreldra, iðkendur, ÍSí, sérsambönd og önnur félög ásamt skóla- og frístundasviði bæjarins
- Úthlutun æfingatíma í samráði við framkvæmdastjóra
- Skipulagning sumarnámskeiða, íþróttaskóla barna og íþróttir eldri borgara
- Aðstoða deildir og foreldraráð við skipulagningu fjáraflanna, mótahalds og annarra viðburða
- Umsjón með fræðslu- og forvarnastarfi
- Ábyrgð á ýmsum upplýsingum á heimasíðu, eins og t.d. æfingatöflum deilda

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf og/eða mikil reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og skilningur á starfsemi íþróttafélaga
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Drifkraftur og hæfni til að leiða verkefni og/eða hópa
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku bæði í ræðu og riti er skilyrði



Breiðablik var stofnað 12. febrúar 1950. Í dag er félagið eitt stærsta íþróttafélag landsins og heldur úti fjölbreyttri starfsemi í 12 deildum. Breiðablik leggur mikla áherslu á að þjónusta iðkendur, foreldra og félagsmenn eins vel og kostur er.

Nánari upplýsingar um Breiðablik má finna á www.breidablik.is.

Umsóknarfrestur er til og með **20. september 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Einar Örn Ævarsson (einarorn@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Qair

Qair Iceland ehf. er hluti af Qair Group sem er alþjóðlegt orkufyrirtæki sérhæft í endurnýjanlegri orkuframleiðslu. Qair starfar í 16 löndum m.a. í Evrópu, Suður Ameríku, Asíu og Afríku. Qair Iceland er með 800 MW í þróun á vindorku á Íslandi. Félagið er hluthafi í Arctic Hydro ehf., sem þróar og rekur íslenskar vatnsafls-virkjanir. Qair Iceland er einnig eigandi raforku-söluvirkisins Vistafl ehf.

Qair hyggur á framleiðslu vetnis á Grundartanga.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf, á ensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Verkfræðingur/tæknifræðingur

Einstakt tækifæri hjá alþjóðlegu og ört stækkandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í endurnýjanlegri orkuframleiðslu. Framundan eru spennandi verkefni í þróun á sviði vindorku og mun viðkomandi aðstoða við verkefnaþróun á öllum stigum og sjá um alla tæknilega kortlagningu og GIS gagnagrunnsstjórnun. Starfsstöðin er í Reykjavík, með einstaka ferðum á verkefnasvæði og á skrifstofur fyrirtækisins erlendis.

Starfssvið:

- Hönnun á skipulagi og aðgengi vindorkuvers.
- Kortagerð og GIS gagnagrunnsstjórnun.
- Verkefnastjórnun.
- Undirbúa og samræma verkefni með hagsmunaaðilum.
- Þróa og viðhalda tengslum við hagsmunaaðila og stofnanir.
- Samskipti við ráðgjafa og ráðgjafafyrirtæki.
- Vinna að öflun leyfa og umhverfismats.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á UT, GIS og AutoCAD.
- Reynsla af kortagerð og tækniteiknun.
- Reynsla af hönnun vega og öðrum innviðum er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg.
- Góð greiningarhæfni og geta til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með **14. september nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

STARF

Tökum í hornin á loftslagsbola!

Við leitum að metnaðarfullum og framtakssömum orkubolta á loftslags- og umhverfisdeild. Deildin er innan sviðs Samfélags og umhverfis.

Í starfinu felst þátttaka í framkvæmd loftslagsáætlunar Landsvirkjunar og að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði loftslags- og umhverfismála. Þar á meðal er þátttaka í hönnun og undirbúningi framkvæmda, bæði nýframkvæmda og viðhaldsverkefna, með það að markmiði að lágmarka kolefnisspor fyrirtækisins og draga úr áhrifum á umhverfi.


Starfið felur einnig í sér faglegan stuðning við þróunar- og nýsköpunarverkefni, sem hafa þann tilgang að lágmarka kolefnisspor, draga úr áhrifum á umhverfi og hámarka loftslagsframlag.

Hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í náttúruvísindum, umhverfisfræði, bygginga- eða umhverfisverkfræði
- Reynsla af umhverfisstjórnun og þekking á umhverfis- og loftslagsmálum
- Þekking á umhverfisáhrifum orkuvinnslu og framkvæmda.
- Þekking á umhverfismerkingum og vottunum bygginga og innviða
- Lípurð í mannlegum samskiptum og metnaður til að vera hluti af sterkri liðsheid
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagsfærni

Umsóknarfrestur er til og með 15. september

Sótt er um starfið hjá Hagvangi
hagvangur.is



JAFNALAUNAVOTTUN
2019 - 2022



Aðalbókari

Grafa & grjót ehf. var stofnað árið 2002 og starfar við jarðvegsvinnu og gatnagerð. Stofnandi félagsins er Sigurður Gylfason og hefur hann byggt upp öflugt félag sem þjónustar opinbera aðila, byggingafélög og fyrirtæki. Fyrirtækið hefur verið í örum vexti og á árinu 2021 keypti Alfa Framtak hlut í félaginu sem hefur eflt það og styrkt enn frekar. Markmið félagsins er að mæta þörfum viðskiptavina í jarðvegsframkvæmdum og veita þjónustu af hæstu gæðum. Grafa & grjót leggur áherslu á að skipa starfslíði með framúrskarandi þekkingu og reynslu.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Grafa og grjót ehf. leitar að öflugum aðalbókara sem hefur góð tök á rafrænni umsýslu gagna. Viðkomandi ber ábyrgð á fjárhagsbókhalda fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Færsla bókhalds og afstemmingar.
- Mánaðarleg uppgjör og skil á bókhaldi til endurskoðanda.
- Samantekt fjárhagsupplýsinga og skýrslugerð til stjórnar.
- Bókun útgjaldareikninga og samþykkttaferli þeirra.
- Uppgjör virðisaukaskatts.
- Launavinnsla.
- Innheimta.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi eins og viðskiptafræðimenntun, viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun.
- Reynsla af bókhaldsstörfum eða sambærilegu starfi er skilyrði.
- Góð tölvukunnátta þ.m.t Excel og reynsla af notkun viðskipta- og upplýsingakerfisins DK er kostur.
- Þekking á verkþókhaldi er kostur.
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni.
- Sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Eignastýring

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 26 þúsund lífeyrisþega, 52 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 246 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins um síðustu áramót námu um 764 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 40 starfsmenn.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Gildi-lífeyrissjóður leitar eftir sérfræðingi til starfa í eignastýringu sjóðsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu á fjármálamarkaði. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri greiningarhæfni, metnaði og vilja til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni. Næsti yfirmaður er forstöðumaður eignastýringar.

Starfssvið:

- Uppbygging og utanumhald eignasafna sjóðsins.
- Greining markaða og fjárfestingakosta innanlands sem utan.
- Arðsemis- og áhættumat.
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila á fjármálamarkaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Próf í verðbréfavíðskiptum er kostur.
- Góð greiningarhæfni og geta til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku og enskukunnátta í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna. Gildi hefur sett sér stefnu í starfsmanna- og jafnlaunamálum og hefur hlotið jafnlaunavottun.

Umsóknarfrestur er til og með 14. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.



Hagfræðingur

Fjarskiptastofa er eftirlitsstofnun á fjarskiptamarkaði. Er stofnuninni m.a. ætlað það hlutverk að vinna gegn röskun eða takmörkunum á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Stofnunin vinnur að framgangi þessara verkefna m.a. á grundvelli markaðsgreininga þar sem fer fram samkeppnislegt og viðskipta- og hagfræðilegt mat á markaðsaðstæðum í fjarskiptum og líklega þróun á aðstæðum á þeim markaði til næstu framtíðar.

Hjá Fjarskiptastofu starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga á sviði fjarskipta og netöryggis. Fjarskiptastofa leggur áherslu á að starfsmenn fái tækifæri til að sinna áhugaverðum verkefnum, þróast í starfi og viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Fjarskiptastofa lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).

Fjarskiptastofa leitar að öflugum hagfræðingi til starfa á stjórnsýslusviði. Um er að ræða nýtt starf tengt eftirliti með fjarskiptamarkaði og fær viðkomandi aðili tækifæri til að móta og þróa starfið. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem viðkomandi hagfræðingur mun í starfi sínu jafnframt vinna náið með sérfræðingum á öðrum sviðum stofnunarinnar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Greiningarvinna og þátttaka í skrifum á skýrslum og ákvörðunum.
- Frumkvæði að gerð sjálfstæðra úttekta um hagfræðileg málefni.
- Söfnun gagna og tölfraðileg úrvinnsla.
- Miðlun hagfræðilegrar þekkingar við rannsókn mála.
- Samskipti við hagaðila.
- Möguleiki á þátttöku í erlendu samstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í hagfræði er skilyrði.
- Góð greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Þekking á atvinnuvegahagfræði er kostur.
- Reynsla af greiningarvinnu og samkeppnismálum er kostur.
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þverfaglegri samvinnu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og rituðu máli. Þekking á einu Norðurlandamáli kostur.

Um er að ræða nýtt starf á stjórnsýslusviði stofnunarinnar og er starfshlutfall 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

Fjarskiptastofa hvetur áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.



Verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála



Iceland Seafood leitar að verkefnastjóra umhverfis- og samfélagsmála.

Verkefnastjóri ber ábyrgð á þáttum tengdum stjórnarháttum, umhverfis- og samfélagsmálum (UFS, ESG) samstæðunnar.

Ábyrgðarsvið

- Umsjón með UFS málum samstæðunnar, yfirumsjón með umhverfisbókhalði, markmiðasetningu og eftirfylgni tengdri stjórnarháttum og umhverfis- og samfélagsmálum
- Verkefnastjórn með umbótaverkefnum á sviði umhverfis og samfélagsmála hjá samstæðu og félögum innan samstæðunnar
- Yfirumsjón með skýrslugerð og annarri upplýsingagjöf til ytri aðila er varðar stjórnarhætti og umhverfis- og samfélagsmál
- Aðkoma að fjárfestatengslum með forstjóra og fjármálastjóra, gerð kynningarefnis fyrir fjárfesta, upplýsingagjöf til fjárfesta og hinna ýmsu ytri aðila
- Aðkoma að öðrum verkefnum á sviði fjármála og samskipta hjá samstæðu eftir atvikum

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðeigandi reynsla af umhverfis- og samfélagsmálum skilyrði
- Framsýni, metnaður og drifkraftur í starfi ásamt færni í mannlegum samskiptum
- Góð tæknileg þekking, gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Góð enskukunnátta er skilyrði, hæfni til að tjá sig í ræðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um Iceland Seafood og UFS mál samstæðunnar á icelandseafood.com og icelandseafood.com/CSR

Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk. Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.

Nánari upplýsingar veitir Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is.

hagvangur.is



Greið leið – til frama

Við ráðum í 100 stöður

rapyd.is/starf

Rapyd



Join us on our journey to transform the way food is processed



Whether it's hardware, software, or services, we're dedicated to providing solutions that deliver the highest-quality, safe, sustainable, and affordable food. With 6% of revenues invested in innovation every year and over 30 new solutions brought to market in 2020, it's safe to say that innovation is in our DNA.

Electrical Engineer

We are looking for an electrical engineer that can handle challenging projects in collaboration with various teams within Marel.

Software Developer

We are looking for a software developer to join our XR team and develop cutting-edge technology at 3D simulations and extended reality.

Software Engineer

We are looking for a Software Engineer that will be responsible for developing and modifying software of innovative production systems for the food processing industry.

Technical Communicator

We are looking for a talented individual with technical interest and insight to work on exciting projects in the field of manuals for Marel products.

We offer an exciting and challenging job in a world class and global company with great opportunities for both professional and personal development. The international atmosphere supports the company's vision, and exhibit Marel's core values Unity, Innovation and Excellence. Our workplace is characterized by a good working environment with a good and informal tone and attractive working conditions.

For more information about these positions please visit our website marel.com/jobs

Marel is an international technology company with about 7,000 employees. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the poultry, meat and fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people who are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.

Value Engineer

We are looking for a proactive and solution oriented engineer to join our infrastructure team in a new position as value engineer.

CAD specialist and Product Data specialist

We are looking for talented individuals with technical interest and insight to join our infrastructure team and support various functions within Marel.

Innovation Excellence Director

We are looking for an Innovation Excellence Director to work closely with the Global Innovation Leadership team and is responsible for driving strategic initiatives within Innovation.

Strategic Partnerships Specialist

We are looking for a specialist to support Marel's growth initiatives by identifying and executing projects in relation to our vital future partnerships.

Sustainability Specialist

We are looking for a sustainability specialist to drive key strategic initiatives and improve the sustainability working practices in product innovation activities to ensure lasting impact through our future product portfolio.

Engineering System Implementation Manager

We are looking for an ambitious Engineering System Implementation Manager to drive the selection and implementation of the future digital engineering system technology used within Marel.



Customer Service Representative

nox medical

We are seeking an ambitious person to join our Customer Service Team in Reykjavik. We are a tight team whose responsibility is to provide technical support for Nox products. We are working in a highly regulated environment and need to ensure that procedures are according to regulatory requirements.

We are looking for a service-oriented individual with a technical interest who is willing to be a part of a team that strives to provide a great customer experience.

Function & Responsibilities:

- Provide service and technical support to customers
- Set up and maintain customers accounts in daily operation
- Handling of return material and servicing of devices
- Perform complaints documentation and handling
- Handling of rental stock and operations of rental model for customers
- Gain and maintain an excellent understanding of our product portfolio

Qualifications:

- Education in technology or experience in a technical field preferred
- Experience with customer service or technical support preferred
- Excellent oral and written communication skills in English
- Ability to work as a part of a team
- Established track record of service attitude and solution-oriented thinking



www.noxmedical.com/jobs

Please apply via our homepage www.noxmedical.com/jobs. Job application, CV and cover letter can be submitted in either English or Icelandic. The application deadline is the 12th of September. We are always interested in talented individuals who share our passion for improving people's lives. Nox Medical embraces diversity. As an equal opportunities employer, we believe the foundation of our dynamic and pioneering spirit starts with a fair and inclusive culture. Our company culture focuses on bringing unique ideas and people together to spark innovation and teamwork. All applications will be replied to and are treated with utmost care and confidentiality.



Strongest in Iceland



Framúrskarandi fyrirtæki



Netheimur óskar eftir áhugasömum tæknimanni

Sjá nánar á Job

Umsóknarfrestur til 14.09.2021

job

Finnum draumastarfið saman

BAADER ///

Hafnarbraut 25
200 Kópavogur
Sími 520 6900

Vélvirki/Rennismiður

Baader Ísland ehf., framleiðir, selur og þjónustar fiskvinnsluvélar ásamt því að reka eitt af fremstu renniverkstæðum landsins.

Vegna aukinna verkefna hjá okkur þá leitum við að öflugum liðsmönnum á renniverkstæði og í þjónustudeild okkar.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í málmíðnum

Áhugasamir sendi umsókn sína ásamt ferilskrá á neðangreind netföng.

Baldur G. Arnarson baldur@baader.is sími : 520 6907, Renniverkstæði

Kristján Leifsson kristjan@baader.is sími: 520 6908, Véla- og vélverkstæði

Umsóknarfrestur er til 09.09.2021



Rafvirki Selfossi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Suðurlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla af rafveitustörfum
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur Valtýsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Suðurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 20. september 2021 og skal skila umsóknum með ferilskrá á vef RARIK, rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200 á um 20 starfsstöðvum sem eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf. | www.rarik.is/atvinna



Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

Grunnskóli

- Forfallakennari í 70-100% starf - Setbergsskóli, Öldutúnsskóli
- Sérkennsla á yngsta stigi - Hraunvallaskóli
- Skóla- og frístundaliði 50-100% starf - Áslandsskóli, Öldutúnsskóli
- Stuðningsfulltrúi - Setbergsskóli
- Umsjónarkennari á miðstigi - Öldutúnsskóli

Hafnarfjarðarhöfn

- Hafsögumaður/skipstjóri

Leikskóli

- Deildarstjóri - Hraunvallaleikskóli
- Leikskólakennari - Álfasteinn, Hlíðarberg, Hlíðarendi, Hraunvallaleikskóli, Hörðuvellir, Norðurberg, Víðivellir, Skarðshlíðarleikskóli

Málefni fatlaðs fólks

- Tímabundið starf - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- Þroskaþjálfari - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni

Mennta- og lýðheilsusvið

- Sálfræðingur

Nánari upplýsingar á:
Hafnarfjordur.is



Taktu þátt í að skapa sjálfbæra framtíð

Nýsköpun í orku- og veitumálum er lykill að sjálfbærri framtíð. OR er í fararbroddi í sjálfbærri nýtingu auðlinda. Við viljum vera þar áfram og óskum eftir lausnamiðuðu fólki í skapandi og sterkt teymi.

Fjármálasérfræðingur rannsóknarverkefna

Hefur þú alla þræði í hendi þér?

Við leitum að fjármálasérfræðingi til að skipuleggja og bera ábyrgð á fjárhagslegu utanumhaldi rannsóknarverkefna. Starfið felur í sér mikil samskipti við styrkveitendur og samstarfsaðila innanlands sem utan, uppgjör verkefna, þróun og mótun ferla, og upplýsingamiðlun.

Sérfræðingur í rannsóknarverkefnum

Hefur þú brennandi áhuga á nýsköpun í auðlinda-nýtingu, orku- og veitumálum?

Við leitum að sérfræðingi til að stýra og taka þátt í nýsköpunarverkefnum. Þetta er skapandi vinna, þvert á fyrirtæki OR samstæðunnar, við að koma auga á tækifæri og breyta þeim í verðmæti.

Sækið um og finnið nánari upplýsingar á starf.or.is.
Umsóknarfrestur er 30. september 2021.



Viltu leiða stóraukna kolefnisförgun á heimsvísu?

Carbfix leitar að metnaðarfullu fólki sem vill leggja sitt af mörkum í loftslagsbaráttunni og stórauka kolefnisförgun á heimsvísu.

Yfirverkefnastjóri Coda

Coda, móttöku- og förgunarstöð fyrir CO₂, leggur grunninn að nýrri loftslagsvænni atvinnugrein en þar mun Carbfix-tækninni verða beitt til að farga CO₂ á stærri skala en áður.

Við leitum að drífandi og reynslumiklum leiðtoga til að hafa yfirumsjón með uppbyggingu stöðvarinnar, m.a. hvað varðar leyfisferla, undirbúning og hönnun, framkvæmdir, alþjóðleg viðskiptasambönd, fjármögnun, o.fl.

Verkefnastjóri kolefnisförgunarverkefna

Verkefnastjóri þarf að hafa góða yfirsýn og ástríðu fyrir lausn loftslagsvandans. Hlutverk hans er að leiða frumkvöðlaverkefni á sviði kolefnisförgunar frá undirbúningsstigum, gegnum hönnun og framkvæmd, gera kostnaðaráætlanir og verksamninga, sjá um samskipti við hagsmunaaðila, o.fl.

Sækið um og finnið nánari upplýsingar á starf.or.is.
Umsóknarfrestur er 30. september 2021.



Spennandi starf á Tjónasviði

Við leitum að jákvæðum og vandvirkum einstaklingi í starf við skoðun og mat á eignatjónum. Í boði er spennandi starf í samstilltum hóp sem leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburða-þjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

Við leitum að einstaklingi með

- › menntun og reynslu á byggingarsviði
- › nákvæm vinnubrögð, lausnamiðaða hugsun og færni í að vinna sjálfstætt
- › ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- › gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Starfið felur meðal annars í sér

- › öflun gagna og mat á eignatjónum
- › greiningu og ákvarðanir um bótaskyldu
- › ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavinum
- › uppgjör og eftirlit með kostnaðarliðum
- › stjórnun og eftirlit með viðgerðum

Nánari upplýsingar veita Ólafur Þór Ólafsson, forstöðumaður eignatjóna, olafurthor@sjova.is og Erla Björk Gísladóttir, mannauðssérfræðingur, erla.gisladottir@sjova.is.

Umsóknarfrestur er til og með **12. september** nk. Sótt er um á sjova.is/starfsumsoknir.



Efst tryggingafélaga í Ánægjuvuginni



Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja



Jafnlaunamerki forsætisráðuneytisins



RAFMÖGNUM STÖRF

Við leitum að fjölbreyttu og framúrskarandi samstarfsfólki á vinnustaðinn okkar.

Sérfræðingur í innkaupum

Um er að ræða áhugavert og krefjandi starf fyrir útsjónarsama einstaklinga í kviku umhverfi.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Framkvæmd innkaupaferla og samskipti við birgja
- Innkaup á vörum og þjónustu
- Umsjón með gæðafærlum innkaupa
- Innkaupagreiningar, tölfræði og mælingar
- Þróun birgjamats
- Gerð samninga, samningsstjórnun og kostnaðareftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi; framhaldsmenntun er kostur
- Marktæk þekking og reynsla af innkaupum, útboðum og samningsgerð
- Þekking á opinberum innkaupum; þekking á veituumkaupum er kostur
- Þekking á samningsskilmálum, s.s. FIDIC og NLM, er kostur
- Þekking á innkaupa- og útboðskerfum er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til **18. september 2021**. Sótt er um starfið á landsnet.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Kári Júlíusson, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is.

Rafvirki / rafveituvirki

Um er að ræða fjölbreytt starf við að tryggja örugga afhendingu raforku á Íslandi. Starfsvettvangur er um allt land og starfsstöðvarnar eru á **Akureyri** og **Reykjavík**.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Rekstur og viðhald á rafbúnaði í tengivirkjum (há- og lágspennubúnaði)
- Þátttaka í framkvæmdaverkefnum við endurnýjun og nýbyggingar flutningsvirkja
- Undirbúningur og frágangur verkefna á starfsstöð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í rafvirkjun eða rafveituvirkjun
- Reynsla af vinnu við háspennu æskileg
- Sterk öryggisvitund
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og rík ábyrgðarkennd

Landsnet býður upp á fyrsta flokks aðbúnað og góðan starfsanda á eftirsóttum vinnustað þar sem nýsköpun og tækifæri til framgangs í starfi eru höfð að leiðarljósi.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Yfirmaður þjónustuviðs/þjónustuliði

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða yfirmann þjónustuviðs/þjónustuliða. Starfið felur í sér verkstjórn og skipulag vegna almennra þrifa á rýmum skólans, verknáms-húsi og skólalóð. Hér er um dagleg þrif að ræða og umhirðu skólans. Viðkomandi aðstoðar einnig í matsal nemenda sem og á skrifstofu og/eða á bókasafni í forföllum.

Yfirmaður þjónustuliða er tengiliður við stjórnendur. Hann er í samskiptum við nemendur og starfsfólk og leiðbeinir nemendum varðandi umgengi.

Áriðandi er að viðkomandi búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum, hafi ríka þjónustulund og jákvæða framkomu. Viðkomandi þarf að búa yfir drifkrafti og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Menntaskólinn í Kópavogi er frábær vinnustaður, þar er starfsandi góður og aðstaða til fyrirmyndar.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000.

Sótt er um starfið á starfatorg.is eða með því að senda ferilskrá og umsókn á netfangið mk@mk.is. Umsóknarfrestur er til og með 13. ágúst.

Skólameistari



BYGG býður þér til starfa

BÚUM
BETUR



Uppsláttarsmiðir

Óskað er eftir vönnum uppsláttarsmiðum í uppþælingu, næg verkefni framundan. Upplýsingar veitir Gunnar S: 693-7310 – gunnar@bygg.is

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG) hefur á undanförunum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 160 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

NEMAR Í FLUGFJARSKIPTUM

Isavia ANS óska eftir að ráða áhugasama og fróðleiksfúsa nema í flugfjarskipti. Námið hefst um miðjan október n.k. og eru áætluð námslok í apríl 2022. Nemendur eru á launum á námstímanum.

Námið er tvíþætt: Bóklegur hluti í 10 vikur og fer fram á venjulegum dagvinnutíma. Seinni hlutinn er starfsþjálfun í 16 til 20 vikur í flugfjarskiptadeild í Gufunesi. Sú þjálfun fer fram í vaktavinnu.

Þeim sem standast lokapróf verður boðið starf flugfjarskiptamanns. Um vaktavinnu er að ræða.

Nánari upplýsingar um námið veitir Guðmundur Sigurðsson þjálfunarstjóri; gudmundur.sigurds@isavia.is eða í síma 897 0654.

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli.
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Nemar þurfa að vera tilbúnir til að gangast undir heyrnarpróf, vélritunarpróf og lesblindupróf.

Lesið má nánar um flugsamgöngur á vefsíðu Isavia: isavia.is/fyrirtaekid/flugleidsaga/flugfjarskipti



Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli fyrirtækisins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

STARFSSTÖÐ:
REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
12. SEPTEMBER

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



ISAVIA



Upplýsingafræðingur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir laust til umsóknar starf upplýsingafræðings á skrifstofu fjármála og rekstrar.

Nánari upplýsingar um helstu verkefni, hæfni- og menntunarkröfur er að finna á vefsíðu Starfatorgs.

Umsókn skal skilað rafrænt á Starfatorgi og með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni umsækjanda í starfið.



PROTOCOL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Protocol Assistant lausa til umsóknar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Protocol Assistant. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)

BIFVÉLAVIRKJAR

Óskum eftir að ráða bifvélafræðing með reynslu af bílaviðgerðum til starfa á verkstæði Suzuki bíla h/f. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafið störf sem allra fyrst.

Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilsskrá á gylfi@suzuki.is fyrir 20. sept.

Óskum eftir að ráða bifvélafræðing með reynslu af bíla, utanborðsmótora- og mótórhjóra viðgerðum til starfa á verkstæði Suzuki bíla h/f. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafið störf sem allra fyrst.

Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilsskrá á gylfi@suzuki.is fyrir 20. sept.



SUZUKI

Suzuki bílar • Skeifunni 17
• 108 Reykjavík • 568 5100



TRAUSTI

fasteignasala

Fasteignasali óskast!

Trausti fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema til löggildingar fasteignasala til starfa.

Vaxandi fasteignasala í léttu og skemmtilegu starfsumhverfi. Góðir tekjumöguleikar. Reynsla af sölu fasteigna kostur.

Fáið frekari upplýsingar hjá Kristjáni Baldurssyni í síma 867-3040 eða kristjan@trausti.is

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Á GÖNGUDEILD SÓTTVARNA

Viltu verða hluti af teyminu okkar á Göngudeild sóttvarna og sinna fjölbreyttu og áhugaverðu starfi á spennandi vinnustað?

Á Göngudeild sóttvarna er m.a. tekið á móti fólki sem sótt hefur um dvalarleyfi hér á landi vegna vinnu eða náms og sem sótt hefur um alþjóðlega vernd. Einnig sinnir deildin ferðamanna-bólusetningum, berklarakningu og ráðgjöf til annarra stofnanna.

Góð tungumála- og tölvukunnátta er nauðsynleg þar sem stór hluti starfseminnar fer fram á ensku og felur í sér mikil samskipti í töluðu og rituðu máli. Mikil samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi nauðsynleg.

